



Vetrariþróttaiðkun á Tjörninni Gleðin var við völd hjá stúlkum úr fjórða bekk í Menntaskólanum í Reykjavík þegar þær nýttu kuldatíðina til hins ýtrasta og spiluðu fótbolta á frosinni Tjörninni í íþróttatíma gærdagsins. Íþróttahús skólans er gamalt og lítið og stundum í gamni nefnt „þrælakistan“ af nemendum. Þeir fagna því útivistinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýsköpun studd í samningnum

LANDBÚNAÐUR „Það er alls ekki hægt að segja að þetta sé bull og kjaftæði og engum til góða,“ segir Ragnhildur Helga Jónsdóttir, aðjúnkt við Landbúnaðarháskóla Íslands, um nýja búvörusamninga. Hún segir að gert sé ráð fyrir töluverðri nýsköpun í samningunum.

„Það vantar lífrænar vörur á markað, sérstaklega mjólk. Það er aukakostnaður að breyta úr hefðbundinni framleiðslu yfir í lífræna þannig að það þarf aðlögunarstyrki eins og viðgengst í öllum okkar nágrannalöndum.“

Ragnhildur segir að horft sé til fleiri og fjölbreyttari þátta í landbúnaði í nýjum búvörusamningum en áður var. „Það eru ýmsir angar og ýmsar hliðar sem menn sjá kannski ekki alveg strax, en auðvitað á eftir að útfæra þetta í reglugerðum.“ – snæ / sjá síðu 6

Leggja hús sín að veði

Sýslumaður hefur kyrrsett fimmtung af því sem lykilstarfsmenn LS Retail telja að hefði verið eðlilegt verð fyrir fyrirtækið. Tekist er á um málið fyrir dómi.

DÓMSMÁL Hluti starfsmanna hugbúnaðarfyrirtækisins LS Retail hefur lagt húsnæði sitt að veði til tryggingar kyrrsetningar á hluta söluandvirðis fyrirtækisins. Samkvæmt heimildum blaðsins hafa tæpir tveir milljarðar króna verið kyrrsettir.

Fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur er tekist á um lögmæti sölunnar á LS Retail í fyrra, en starfsmennirnir ásamt fyrrverandi stjórnarformanni telja söluandvirðið langt undir því sem eðlilegt getur talist.

Heimildir blaðsins herma að starfsmennirnir hafi lagt fram eigið mat á virði fyrirtækisins, sem endurskoðandi vann fyrir þá, þegar farið var

fram á kyrrsetningu hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. LS Retail var selt á 17,6 milljónir evra, eða rúma 2,5 milljarða króna. Sú upphæð er fjórðungurinn af þeim 70 milljónum evra, tæpu 10 milljörðum króna, sem endurskoðandinn segir hafa verið virði fyrirtækisins þegar það var selt.

Kaupréttarákvæði í samningum starfsmannanna kveða á um að við sölu hafi þeir átt að fá í sinn hlut 20 prósent af söluandvirðinu. Þeir telja sig því hlunnfarna.

Kaupandi LS Retail á síðasta ári var bandaríski fjárfestingasjóðurinn Anchorage Capital Group og selj-

70

milljónir evra telur endurskoðandi virði LS Retail, sem selt var á 17,6

andi eignasýslufélagið ALMC, sem fer með eignasafn Straums-Burðaráss. Athygli vakti fyrir á árinu þegar spurðist að ALMC hefði fyrir áramót innt af hendi yfir þriggja milljarða króna bónusgreiðslur til fyrrverandi og núverandi starfsmanna félagsins.

– óká / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

MARKAÐURINN Ár er liðið frá því að Portúgalinn Carlos Cruz kom til Íslands til að taka við stýrinu hjá Vífilfelli.



SKOÐUN Björn B. Björnsson spyr hvað Ísland þoli marga ferðamenn. 12-13

SPORT Kvinnalandsliðið fær til sín ungverska risann í kvöld. 14

MENNING Dómur um Illsku hjá Óskabörnum ógæfunnar í Borgarleikhúsinu. 24-26


LÍFÍÐ Leikarinn Albert Hall-dórsson fer með aðalhlutverkið í Gripahúsinu. 30

PLÚS 1 SÉRBLAÐ • FÓLK


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



SVONA BRÝTUR ÞÚ BINDIÐ
SAMAN SVO LÍTIÐ FARI FYRIR



ROLL



PRESS



GO!



Veður



Suðaustan 3-8, el og frostlaust allra vestast á landinu í dag en annars hægviðri og bjart að mestu og frost 0 til 15 stig, kaldast inn til landsins. **SJÁ SÍÐU 18**

Rannsaka mansal af krafti

SAKAMÁL „Allur kraftur okkar er í þessari rannsókn og við njótum aðstoðar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Það er verið að taka skýrslur og afla gagna og rannsóknin er í fullum gangi,“ segir Þorgrímur Óli Sigurðsson, aðstoðaryfir lögregluþjónn hjá lögreglunni á Suðurlandi, um framvinduna á rannsókn á meintu mansali í Vík í Mýrdal.

Eigandi Vonta International, sem var undirverktaki Icewear, situr nú í gæsluvarðhaldi og tvær konur sem hafa stöðu þolenda mansals eru í öruggu skjóli. Þær fá aðstoð og vernd í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn mansali.

Þorgrímur Óli segir ekkert nýtt hafa komið fram en lögreglunni hafi þó borist ábending sem tengist mansali. „Við höfum ekki haft tók á að skoða hana enn.“

Lögreglan á Suðurlandi hefur eitt annað mansalsmál til rannsóknar sem tengist gistiheimili á Selfossi. Upphaf málsins má rekja til ársins 2014, tvær pólskar konur höfðu stöðu þolenda mansals og eru komnar úr landi. Þær nutu meðal annars aðstoðar Bárunnar stéttarfélag.

Enn hefur meintur gerandi málsins ekki verið tekinn til skýrslutöku vegna anna lögreglunnar í umdæminu en það stendur til bóta að sögn Þorgríms Óla. Hann vill engar upplýsingar gefa um málið.

„Við höfum lært mikið af þessu máli í Vík. Þar fengum við góða aðstoð. Við erum ekki feimin við að kalla okkur til aðstoðar sérfræðinga í þessum efnum. Þá eru verkalýðsfélögin að vinna í þessum málum og maður getur alveg búist við því að það geti eitthvað komið út úr því á næstunni.“ – kbg

Við höfum lært mikið af þessu máli í Vík. Þar fengum við góða aðstoð.

Þorgrímur Óli Sigurðsson, aðstoðaryfir lögregluþjónn á Suðurlandi

Tré grisjuð



Tekið var til hendinni við grisjun trjáa í frostinu í gær nálægt gatnamótum Miklubrautar og Reykjanesbrautar neðan við Ártúnsbrekku í Reykjavík. Guðlaug Þorsteinsdóttir, yfirverkstjóri á skrifstofu reksturs og umhirðu hjá borginni, segir um reglubundna hreinsun að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Karlmaður lét lífið í eldsvoða

LÖGREGLUMÁL Eldri maður beið bana í eldsvoða í íbúð í fjölbýlishúsi við Kleppsvog í Reykjavík snemma í gærmorgun.

Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins barst tilkynning um eldinn klukkan sex um morguninn. Allt tiltækt slökkvilið var þegar sent á vettvang en þegar á staðinn var komið var hitinn orðinn svo mikill í íbúðinni að rúður voru farnar að springa.

Reykkafarar héldu þegar inn í íbúðina, en húsráðandinn var látinn þegar að var komið.

Flestir aðrir íbúar fjölbýlishússins yfirgáfu húsið á meðan á slökkvistarfi stóð, þótt slökkviliðið teldi ekki þörf á að rýma húsið, því lítill reykur fór inn í aðrar íbúðir. Allt er ónýtt í íbúðinni sem brann. – bo

Óttaslegnir íbúar vígbúast í Móabarði

Óhugur er í íbúum Móabarðs eftir alvarlegar árásir í götunni. Menn hafa gripið til varúðarráðstafana og eru undrandi yfir að lögregla yfirheyri þá ekki þar sem þeir hljóti að liggja undir grun. Engar nýjar vísbendingar, segir lögregla.

LÖGREGLUMÁL Síðustu vikuna hafa tvær, að því virðist tilefnislausar, árásir verið gerðar á sömu konuna í Móabarði í Hafnarfirði. Fréttablaðið heyrði hljóðið í nokkrum nágrönnum konunnar en enginn vildi koma fram undir nafni enda fólk óttaslegið. Þeir eru undrandi yfir að ekki sé búið að yfirheyra alla í götunni. Til að mynda hafi ekki verið rætt við fólk sem býr í sama húsi og konan eða fólk í nærliggjandi húsum.

Kynferðisbrotadeild lögreglunnar fer með rannsókn málsins og leitar að karlmanni sem grundaður er um brotin. Lýst hefur verið eftir honum í fjölmiðlum en ekki er vitað hver maðurinn er. Í fyrri árás virðist maðurinn hafa villt á sér heimildir. Hann sagðist vera frá Orkuveitunni og þóttist ætla að lesa á mæla. Síðari árásin var gerð tæpri viku síðar, í fyrsta skipti sem konan var ein heima frá fyrri árásinni en maðurinn hennar brá sér frá í hálf-tíma.

Einn nágranninn bendir á að það séu ekki margir staðir fyrir utan húsið til að liggja í leyni og njósna um konuna. Segir hann að hægast sé fyrir nágranna að fylgjast með og því ættu nágrannarnir að liggja undir grun. „Mér væri slétt sama þótt ég væri grundaður. Komið bara og talið við okkur,“ segir hann.

Mikil spennan ríkir í hverfinu og margir finna til óöryggis. „Fólk er búið að gera varúðarráðstafanir. Menn eru að hlaða haglabýssurnar.“



Á einni viku var tvisvar ráðist inn á heimili sömu konunnar í Móabarði og hún beitt alvarlegu kynferðislegu ofbeldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við erum að vinna úr þeim fáu vísbendingum sem lögreglan hefur.

Árni Þór Sigmundsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

Árni Þór Sigmundsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að það sé verið að tala við fólk en vill ekki tjá sig frekar um yfirheyrslur lög-

reglunnar. „Við erum að vinna úr þeim fáu vísbendingum sem lögreglan hefur,“ segir hann en það eina sem lögreglan hefur í höndunum er takmörkuð lýsing á manningnum frá fórnarlambinu sjálfu.

Aðspurður af hverju konan hafi ekki verið undir eftirliti eftir fyrstu árásina og hvort hún sé með vernd núna segir Árni gagnlaust að upplýsa um slíkt. „Við höfum gripið til ráðstafana sem ég get ekki farið út í að lýsa.“


En eruð þið bókstaflega að leita að manningnum? Með öllu tiltæku liði? „Við erum að rannsaka gögn,“ svarar Árni. erlabjorg@frettabladid.is


FJÁRFESTU Í HEILSUNNI ÞINNI

OFURFÆÐI í hylkjum

- 31 innihaldsefni
- Hátt næringargildi
- Aukin orka og úthald
- Ríkt af andoxunarefnum
- Hátt hlutfall vítamína, steinefna, ensíma og aminosýra
- 100% náttúrulegt og lífrænt

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana





ENNEMM / SIA / NM71895

Best hannaði bíllinn árið 2015 að sögn Reddot awards

Nýr Hyundai i20

Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn af Reddot award í sínum flokki árið 2015. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

Hyundai i20 - Verð frá 2.390.000 kr.



HYUNDAI

NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.



reddot award 2015
winner car design



EURO2016
FRANCE



5
YEAR

Unlimited
Mileage
Warranty

Dísivél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,8 l/100 km* FRÍTT Í BILASTÆÐI / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km* eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 5,6 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.

*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kaupþúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

Friðlýsing Kerlingarfjalla komin á skrið í umhverfisráðuneytinu

NÁTTÚRA Undirbúningur að friðlýsingu Kerlingarfjalla er hafinn. Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, hefur sett vinnuna af stað og fundað hefur verið með heima- mönnum í Hrunamannahreppi.

Í frétt ráðuneytisins kemur fram að skýr vilji af hálfu heimamanna hafi komið fram á undirbúningsfundinum og því virðist ekkert til fyrirstöðu að friðlýsingin geti gengið fljótt fyrir sig.

Kerlingarfjöll eru vel afmarkaður fjallaklasi á hálendinu þar sem eru jafnframt fjögur svæði í verndarflokki rammaáætlunar.

Kerlingarfjallasvæðið nýtur vaxandi vinsælda fyrir hvers konar útivist. Áður var þar vinsælt skíðasvæði en nú heimsækja gestir svæðið fyrst og fremst til útivistar þar sem víðerni og háhitasvæði eru helsta aðráttarafi svæðisins. Í Kerlingarfjöllum er jafnframt vaxandi ferðaþjónusta.

Við undirbúning að friðlýsingu svæðisins er ætlunin að stuðla að því að starfsemi innan þess verði sem mest sjálfbær. Gert er ráð fyrir að ferðamennska á svæðinu haldi áfram að aukast á komandi árum, en með friðlýsingunni er ætlunin



Fjögur svæði í verndarflokki rammaáætlunar eru á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

að setja tímanlega reglur og skipulag fyrir svæðið og byggja upp nauðsynlega innviði til verndar náttúrunni, segir í frétt ráðuneytisins.

Við undirbúning friðlýsingarinnar verður haft samráð við hagsmunaaðila, m.a. rekstraraðila sem starfa innan þess svæðis sem fyrirhugað er að friðlýsa. Hefur Umhverfisstofnun skipað samstarfshóp með fulltrúum Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpsverjahrepps og Vina Kerlingarfjalla og hefur verið boðað til fyrsta fundar hópsins í vikunni. – shá

Verkfall hófst á miðnætti

KJARAMÁL Félagsdómur úrskurðaði í gærkvöldi að útlutningsbann starfsmanna í álveri Rio Tinto Alcan í Straumsvík væri löglegt og hófst það því á miðnætti. Mun því ekkert ál verða flutt út frá Straumsvíkurhöfn á næstunni. Dómurinn kom saman í kjölfar þess að Samtök atvinnulífsins kærðu bannið fyrir hönd álversins.



Gylfi Ingvarsson, formaður samninganefndar starfsmanna ISAL

Gylfi Ingvarsson, formaður samninganefndar starfsmanna, var ánægður með úrskurðinn í gærkvöldi. „Við hefðum þó viljað sjá þau eyða þessum tíma í að ræða við okkur í staðinn. Markmiðið með aðgerðunum er að fá þau að samningsborðinu en þegar við höfnum því að fresta verkfallinu ákváðu þau að fara í þessa vegferð,“ sagði Gylfi.

Gylfi sagði verkfallsverði mæta á svæðið á miðnætti þar sem stjórn álversins gæti hugsanlega farið að setja aðra til starfa þá. „Það er alveg ljóst að það verða menn á staðnum til að fylgjast með því að ekki verði framið verkfallsbrot.“

Kjaradeilan hefur nú staðið yfir í hátt í ár og er næsti samningafundur settur klukkan eitt í dag hjá ríkissáttasemjara. – þea

LEIÐRÉTT

Rangt var farið með númer styrktarveiknings í auglýsingu um andlát Kára Arnar Hinrikssonar blaðamanns í Fréttablaðinu í gær. Rétt númer er 0549-14-401696, kt. 220991-2539.

Tæpir tveir milljarðar kyrrsettir

Lykilstarfsmenn með kauprétt í LS Retail telja sig hlunnfarna við söluna á fyrirtækinu. Sýslumaður hefur fallist á kyrrsetningu 14 milljóna evra vegna sölu ALMC á fyrirtækinu til bandaríks fjárfestingarsjóds.

DÓMSMÁL Lykilstarfsmenn hugbúnaðarfyrirtækisins LS Retail telja að fyrirtækið hafi á síðasta ári verið selt á um fjórðung af raunverulegu virði. Sýslumaðurinn í Reykjavík hefur fallist á kyrrsetningu fjármuna sem nema fimmtungi af verðmæti sem endurskoðandi vann fyrir starfsmennina.

Heimildir blaðsins herma að samkvæmt kaupréttarsamningum starfsmanna hafi þeir átt að fá tuttugu prósent af söluandvirði fyrirtækisins.

Tekist er á um málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, en Viti ehf., félag í eigu Aðalsteins Valdimarssonar, höfðaði á síðasta ári mál á hendur íslenska eignasýslufélaginu ALMC (áður Straumur-Burðarás) vegna sölunnar á fyrirtækinu. Starfsmennirnir, sem eru fimmtán talsins, hafa stefnt sér inn í það mál. Þessa dagana er tekist á um frávisunarkröfu ALMC og úrskurðar að vænta í því eftir um hálfan mánuð.

Til að öðlast kaupréttinn skuldbundu starfsmennirnir sig til að starfa hjá fyrirtækinu og vinna að uppgangi þess og hafa samkvæmt heimildum blaðsins haldið þann samning síðustu fimm ár eða svo.

Samkvæmt heimildum blaðsins var fyrirtækið selt á 17,6 milljónir evra (rúma 2,5 milljarða króna), þrátt fyrir að fyrir hafi legið samningur um sölu annað upp á 37,5 milljónir evra (rúma 5,3 milljarða króna). Það verð hafi myndast á fyrri stigum en virði félagsins aukist frá því vegna mikils vaxtar og hagnaðar.

Endurskoðandi starfsmanna metur verðmæti LS Retail hins vegar á 70 milljónir evra (tæpa 10 milljarða króna), á þeim degi sem fyrirtækið var selt. Starfsmennirnir hafa, samkvæmt heimildum blaðsins, sjálfir lagt fram tryggingar vegna kyrrsetningarinnar sem sýslumaður féllst á, svo sem með því að veðsetja heimili sín. Um er að ræða verulegar upphæðir því fimmt-



Höfuðstöðvar LS Retail í Reykjavík eru á Höfðatorgi við Katrínartún. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

» **Fimm hundruð milljónir króna renna í hlut lykilstarfsmanna LS Retail miðað við söluandvirði fyrirtækisins í fyrra. Þeir telja sig hins vegar hlunnfarna um einn og hálfan milljarð. Upphæðin hefði að þeirra mati átt að vera tæpir tveir milljarðar.**

ungur af metnu söluandvirði fyrirtækisins, 70 milljónir evra, er 14 milljónir evra, eða sem svarar um 1.994 milljónum króna.

Tryggingin á að standa undir hugsanlegu tjóni sem hlotist getur vegna kyrrsetningarinnar tapi þeir málinu. Sýslumaður féllst hins vegar á að veruleg hættu væri á því að fjármunum sem til hefðu orðið vegna sölunnar yrði komið í burtu þannig að endurheimtur yrðu þeim torveldar.

Salan á LS Retail gekk í gegn á

síðasta ári, en fyrirtækið mun hafa verið selt, ásamt fleiri innlendum og erlendum eignum ALMC, til bandaríska fjárfestingarsjódsins Anchorage Capital Group.

LS Retail komst í eigu Straum-Burðarás eftir að bankinn gekk að veðum vegna láns til Baugs Group, sem keypti fyrirtækið fyrir hrún. LS Retail framleiðir hugbúnaðarlausnir fyrir þjónustufyrirtæki, en það varð til eftir samruna Strengs og Landsteina árið 2007. oilkr@frettabladid.is

Vegna þurrka í Epíopíu eru 10 milljónir manns á barmi hungursneyðar.

Bregðumst við NÚNA!

Söfnunarsími 907 2003 (2500 krónur)

Söfnunarveikningur 0334-26-886

kt. 450670-0499



Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

ISJNSKASALEX 744H 0216

NX 300h SKARPARI Á ALLA KANTA

Lexus NX 300h hefur skarpari línur og sker sig úr fjöldanum með sportlegri hönnun sem gleður augað frá öllum sjónarhornum.

lexus.is





Barack Obama ætlar að gera úrslitartilraun til að fá Bandaríkjaþing til að fallast á lokun fangabúðanna umdeildu. NORDICPHOTOS/AFP

Enn reynir Obama að loka Guantanamo

BANDARÍKIN Varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna kynnti í gær áætlun um lokun Guantanamo-fangabúðanna á Kúbu. Ekkert er þó beinlínis nýtt í áætluninni.

Lokun búðanna var eitt fyrsta lofordið, sem Barack Obama ætlaði að efna eftir að hann tók við embætti forseta Bandaríkjanna fyrir rúmlega sjó árum.

Andstaða þingsins við lokunina hefur hins vegar orðið til þess, að enn er þar hafður í haldi 91 fangi. Enginn þeirra hefur hlotið dóm, þrátt fyrir að

hafa setið í fimmtán ár í fangabúðunum. Alls hafa 34 þeirra fengið úrskurð um að óhætt sé að láta þá lausa.

„Í mörg ár hefur það legið ljóst fyrir að fangabúðirnar við Guantanamo-flóa styrkja ekki öryggi okkar,“ sagði Barack Obama forseti á blaðamannafundi í gær. „Þær grafa undan því.“

Frá upphafi hafa 779 manns verið hafðir í haldi í Guantanamo. Margir þeirra hafa mátt sæta alvarlegum pyntingum af hálfu bandarískra leyniþjónustumanna. – gb

Með Lenín á lofti



Í Rússlandi og þeim löndum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum var í gær fagnað degi Verndara föðurlandsins en hann er haldinn til heiðurs hermönnum í her Rússlands. Hér má sjá ungan dreng taka þátt í hátíðinni, en hann heldur á spjaldi með mynd af rússneska byltingarleiðtoga Vladimir Lenín. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGASTOFNUN



Lögfræðingafélag Íslands

TILLÖGUR UM NÝ STJÓRNARSKRÁRÁKVÆÐI

24. febrúar kl. 12:00-13:30

Stjórnarskrárnefnd hefur birt tillögur um þrens konar breytingar á stjórnarskrá. Lagt er til að bætt verði við stjórnarskrá ákvæðum um vernd náttúru og umhverfis, náttúruauðlindir og þjóðaratkvæðagreiðslur að frumkvæði kjósenda. Tillögurnar eru aðgengilegar á stjornarskra.is.

Lagastofnun Háskóla Íslands og Lögfræðingafélag Íslands efna til málþings um tillögurnar, miðvikudaginn 24. febrúar kl. 12:00-13:30.

Málþingið verður haldið í Hátíðarsal í Aðalbyggingu Háskóla Íslands, Sæmundargötu 2, Reykjavík.

Fundarstjóri er Björg Thorarensen prófessor í stjórnskipunarrétti við Lagadeild Háskóla Íslands.

Kynning á tillögum stjórnarskrárnefndar

Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu og formaður stjórnarskrárnefndar

Pallborðsumræður

Þátttakendur í pallborði auk Páls Þórhallssonar eru:

Ragnhildur Helgadóttir prófessor og deildarforseti Lagadeildar Háskólans í Reykjavík

Skúli Magnússon héraðsdómari og formaður Dómarafélags Íslands

Málþingið er opið öllum og aðgangur er ókeypis



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGASTOFNUN

Ólík sýn á nýsköpun í búvörusamningum

Aðjúnkt við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri segir ekki rétt að nýir búvörusamningar séu alsælmi fyrir nýsköpun í landbúnaði. Formaður samtakanna Beint frá býli gagnrýnir lítinn stuðning við verkefnið frá bændaforystunni.

LANDBÚNAÐUR „Þú kæfir ekki neitt sem hefur ekki verið komið af stað,“ segir Guðmundur Jón Guðmundsson, formaður Beint frá býli, um ummæli Þórólfs Matthíassonar hagfræðiprófessors í Fréttablaðinu í gær. Þar sagði Þórólfur: „Allur þessi beint-frá-býli hugsunarháttur er algjörlega fyrir utan þetta og það er verið að kæfa hann næstu tíu árin með þessu.“

Málið snýr að nýjum búvörusamningum. Þórólfur vill meina að með samningunum sé bændum haldið í kerfi þar sem nýsköpun sé hindruð. Guðmundur getur að einhverju leyti tekið undir þetta og segir að lítill stuðningur sé á meðal bændaforystunnar við verkefnið Beint frá býli. Pólitískur vilji frá atvinnuvegaráðuneytinu sé þó til staðar og án ráðuneytisins væri verkefnið orðið að engu. „Það vantar eitthvað í þetta. Þetta er vaxtarbroddur en einhverra hluta vegna hefur það ekki náð flugi að styðja við bakki á mönnum til að koma sér af stað.“

Samkvæmt nýjum búvörusamningum fær Framleiðnisjóður landbúnaðarins 128 milljónir á ári fram til

Það er alls ekki hægt að segja að þetta sé bull og kjaftæði og engum til góða.

Ragnhildur Helga Jónsdóttir, aðjúnkt við LBHÍ



34 milljónir renna til lífrænnar framleiðslu samkvæmt nýjum samningum

ársins 2026. Það er meira en síðustu ár en samkvæmt fyrri samningum átti sjóðurinn að fá 140 milljónir árið 2017. Beint frá býli hefur, að sögn Guðmundar, fengið sinn stuðning frá Framleiðnisjóðnum en hlutverk sjóðsins er að veita styrki og lán til

framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði. Hann segir jákvætt að nú sé föst greiðsla bundin sjóðnum.

Ragnhildur Helga Jónsdóttir, aðjúnkt við Landbúnaðarháskóla Íslands, er ósammála Þórólfi og segir að í nýjum búvörusamningum sé stutt við margs konar nýsköpun. „Það eru settir peningar í lífræna framleiðslu sem hefur ekki verið gert áður.“ Eftirspurn sé eftir lífrænum vörum, þá sérstaklega mjólk. Mikill kostnaður geti fylgt því að fara úr hefðbundnum landbúnaði í lífrænan.

„Það er alls ekki hægt að segja að þetta sé bull og kjaftæði og engum til góða. Það er verið að koma inn byggðasjónarmiði og styrkja byggðir sem standa veikari. Það er líka liður um sjálfbæra þróun og landnýtingu sem er til bóta.“

Þá skuldbindi útrýmingarhætta íslensku geitarinnar stjórnvöld til að gripa í taumana varðandi geitastofninn. „Auk þess er eftirspurn á markaði eftir vörum frá þeim. Með því að styðja við geitaræktina er frekar lagður grundvöllur fyrir því að geitaostur komist á markað.“ snaeros@frettabladid.is

VEL ÚTBÚINN OG TIL Í ALLT!

5 ÁRA
ÁBYRGÐ



Þrautreyndur og fullbúinn jeppi með fimm ára ábyrgð. Þegar þú hefur kynnst kraftinum, örygginu og reynslunni sem **Mitsubishi Pajero** býr yfir verður ekki aftur snúið.

Mitsubishi Pajero

Dísil, sjálfskiptur á aðeins:

10.290.000 kr.

Staðalbúnaður í Mitsubishi Pajero: 200 hestöfl, stöðugleikastýring, 18" álfelgur, 7 sæta, leðurinnrétting, 7" LCD DVD skjár með bakkmyndavél, 860W Rockford hljómkerfi með 4GB minni fyrir tónlist, Xenon aðalljós, 100% læsing að aftan, tenging við farsíma (Bluetooth), þakbogar, topplúga, Íslandskort o.fl.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



**MITSUBISHI
MOTORS**

FYRIR HUGSANDI FÓLK

Óttuðust flóð sjúklinga til útlanda

Velferðarnefnd ákvað í ljósi almannahagsmuna að setja sérstaka fyrirvara við innleiðingu Evróputilskipunar um réttindi sjúklinga til að leita sér lækninga í útlöndum. Hlustað var á varnaðarorð landlæknis og forstjóra Landspítalans um áhrif á heilbrigðiskerfið.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Varnaðarorð landlæknis og forstjóra Landspítalans urðu til þess að velferðarnefnd Alþingis setti sérstaka fyrirvara vegna innleiðingar Evróputilskipunar um réttindi sjúklinga til heilbrigðisþjónustu yfir landamæri.

Réttur sjúklinga

Um er að ræða breytingu á lögum um sjúkratryggingar og á lyfjalögum vegna tilskipunarinnar. Í frumvarpi Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra, þegar það kom fram í október 2015, var kveðið á um rétt sjúkratryggðra til að sækja sér heilbrigðisþjónustu til annars ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins, án takmarkana eins og fyrirframsamþykkis – að Sjúkratryggingum Íslands væri gert að endurgreiða kostnað eins og meðferðin hefði verið veitt hér heima. Þegar Kristján mælti fyrir málinu sagði hann að mat stjórnvalda væri að ekki verði algengt að sjúklingar kjósi frekar að sækja þjónustu út fyrir landsteinana.

Varnaðarorð

Ragnheiður Ríkhardsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, mælti fyrir nefndaráliti velferðarnefndar í síðustu viku en þriðju og síðustu umræðu um málið lauk

í gær. Hún segir að varnaðarorð sem bárust í umsögnum um málið, og umræður í nefndinni, hafi gert það að verkum að settar voru upp ákveðnar girðingar. Nefndin leggur til að ráðherra kveði í reglugerð á um hvenær sækja skuli um fyrirframsamþykki fyrir endurgreiðslu kostnaðar við heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, ófugt við það sem áður var gert ráð fyrir.

Í fyrrnefndum umsögnum koma fram þungar áhyggjur af málinu, og þá vegna langra biðlista eftir aðgerðum sem hrúgast hafa upp eftir hrun, en einnig vegna kjaradeilna heilbrigðisstarfsmanna.

Ógn við öryggi

Inntak umsagna landlæknis og Landspítalans var að fjárfestingar í tækjum, búnaði og mannskap í heilbrigðisþjónustu krefðust ákveðins lágmarksfjölda sjúklinga til að standa undir sér og vegna fámennis á Íslandi gæti það komið niður á framboði heilbrigðisþjónustu innanlands, einkum þjónustu sem krefðist mjög sérhæfðrar þekkingar, ef fjöldi sjúklinga leitaði heilbrigðisþjónustu erlendis. Það gæti ógnað öryggi sjúklinga. Því má segja að vegna stöðu heilbrigðiskerfisins, og þá helst fjölda sjúklinga á biðlistum og langs biðtíma, hafi landlæknir og forsvarsmenn Landspítalans lýst áhyggjum af því að fólk færi í stórum stíl af landi brott til að sækja sér lækningu.



Þúsundir manna biða eftir aðgerðum langt umfram þann tíma sem landlæknir telur ásættanlegt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Biðin allt of löng

- Landlæknir hefur sett fram þau viðmið um biðtíma að ekki eigi að biða lengur en 90 daga eftir aðgerð eða tiltekinni meðferð.
- Í lok síðasta árs birti embættið tölur um biðlista eftir sex valaðgerðum þar sem þeir eru lengstir. Samtals var beðið eftir tæplega 6.000 aðgerðum á þeim tímamarki.
- Eftir tæplega 5.000 hafði verið beðið lengur en 90 daga.

Í umsögn Landlæknisembættisins sagði einfaldlega að mikilvægast væri þegar allt er talið „að standa vörð um og efla íslenskt heilbrigðiskerfi sem mætir þörfum Íslendinga fyrir heilbrigðisþjónustu og að hún sé veitt á Íslandi þar sem þekking, sérhæfing og þjálfun er þegar fyrir hendi“.

Ragnheiður segir að þrátt fyrir vissar takmarkanir muni breytingin engu að síður nýtast vel, og það sé réttur sjúklinga að hafa þennan möguleika ef þeir fá ekki þjónustu hér heima innan þess tíma sem eðlilegur geti talist – en landlæknir

hefur gefið út að hámarks biðtími eftir aðgerð eigi ekki að vera lengri en þrjú mánuðir. „En við heyrum um fólk sem á að komast að árið 2019, og hver er þá staða þess sjúklinga og lífsgæði miðað við að hann kæmist strax undir læknishendur,“ segir Ragnheiður og minnist á að rétt hafi verið um innan nefndarinnar að nýta mætti skurðstofur annars staðar en á Landspítalanum til að mæta biðlistum. Eins sé opnað á að fólk frá 31 Evrópulandi innan Evrópska efnahagssvæðisins geti sótt heilbrigðisþjónustu til Íslands.

Hápolitískt

Fram kemur í gögnum Alþingis vegna málsins, og þingræðum, að góður samhljómur hafi verið innan velferðarnefndar um þessar lyktir mála. Hins vegar dregur það ekki úr því hvað málið er hápolitískt.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, sagði í þingræðu við atkvæðagreiðslu eftir aðra umræðu að málið væri gott dæmi um ávinning af Evrópusamvinnu „þar sem fólk fær að losa sig undan ofbeldi eigin stjórnvalda, ef eigin stjórnvöld fólks kjósa að hlada upp biðlistum eftir brýnni velferðarþjónustu“.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingar, sem einnig er formaður velferðarnefndar, sagði að breytingarnar ættu að skapa þann þrýsting á stjórnvöld að halda biðlistum í lágmarki.



NÝR VINNUHESTUR FRÁ ISUZU

VERÐ 5.790.000 BEINSKIPTUR, 6 GÍRA

NÝTT MEIRI DRÁTTARGETA

3500KG

100
HISTORIC YEARS
Founded 1916
ISUZU

ISUZU D-MAX ER EINN HAGKVÆMASTI OG STERKASTI
PALLBÍLL SEM UM GETUR
EYÐSLA AÐEINS 7,4 l/100 km*

Það þarf ekki að segja þeim sem til þekkjá neitt um endingu og áreiðanleika Isuzu D-Max. D-Max pallbíllarnir eru hagkvæmir og áreiðanlegir í rekstri vegna lágrar bilanatíðni og lítillar eldsneytiseyðslu. Isuzu D-Max er í sérflokki hvað varðar dráttargetu því hann getur dregið allt að 3500 kg.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilas.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Gildir út febrúar 2016

Deildu rómantískri
stund með elskunni
í sögufrægu
umhverfi

Febrúarþrenna -
verð: 6.900 kr



eildu rómantískri
stund með elskunni
í sögufrægu
umhverfi



TORFAN

Humarhúsið

TORFAN
Humarhúsið

www.torfan.is -- pantanir@torfan.is



Febrúarþrenna - verð: 6.900 kr

Humarsúpa

Ristaðir humarhalar,
léttþeyttur rjómi og
víkingasalt.

Lamb

Pönnusteiktur lamba-
hryggvöðvi, langeldaður lamba-
leggur, kartöflu- og gulrótar-
terrína og lambasoðgljái.

Hindberja- súkkulaðimús

Ástaraldin sykurpúðar og
kampavíns sabayon.

Gildir út febrúar 2016



Losun væri helmingi meiri

ORKUMÁL Án endurnýjanlegrar orku væri koltvísýringslosun Íslendinga nálægt því helmingi meiri en hún er í dag. Þetta kom fram í erindi Bjarna Bjarnasonar, formanns Samorku, á ársfundi félagsins í vikunni sem leið.

Heildarlosun Íslands í dag er um 4,6 milljónir tonn ár hvert og hefur verið á svipuðu róli allt frá árinu 1990. Ef hitaveitu nyti ekki við og nota þyrfti olíu til að húshitunar, þá væri losunin tæpar sex milljónir tonna á ári. Ef rafmagn væri framleitt með öðrum hætti en með endurnýjanlegri orku, þá væri losunin um átta milljónir tonna. Þar er stóriðja undanskilin. – **shá**

Ljóstrað upp um hleranir NSA

BANDARÍKIN Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna (NSA) hleraði fund aðalritara Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-Moon og kanslara Þýskalands, Angelu Merkel, um loftslagsmál árið 2008.

Þetta kemur fram í gögnum sem samtökin Wikileaks gerðu opinber í gær.

Þá hleraði stofnunin einnig síma yfirmanns Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna til lengri tíma og beiðni forsætisráðherra Ísraels, Benjamíns Netanjú, til þáverandi forsætisráðherra Ítalíu, Silvio Berlusconi, um hjálp til að bæta samskipti sín við Bandaríkin. Eins kemur fram í gögnum að hleraður hafi verið fundur þáverandi Frakklandsforseta, Nicolas Sarkozy, Merkels og Berlusconi um ítalska bankakerfið. – **þea**

Stefnt að vopnahléi á laugardag

Sýrlandsstjórn og helstu fylkingar sýrlenskra stjórnarandstæðinga hafa fallist á vopnahlé. Kjósa á 13. apríl.

SÝRLAND Stefnt er að því að vopnahlé hefjist í Sýrlandi á laugardaginn kemur. Bæði uppreisnarmenn og stjórnarherinn í Sýrlandi hafa fallist á þetta.

Atökin við Íslamska ríkið, DAISH-samtökin svonefndu, halda þó áfram enda hefur ekki verið reynt að semja við þau um vopnahlé. Sama gildir um Jabhat al Nusra og fleiri hópa, sem Sameinuðu þjóðirnar flokka sem hryðjuverkasamtök.

Rússar og Bandaríkjamenn hafa ákveðið að hafa eftirlit með þessu vopnahléi og sjá til þess að það haldi. Þetta kom fram í sameiginlegri yfirlýsingu frá þeim á mánudag.

Sama dag skýrði Bashar al Assad, forseti Sýrlands, frá því að þingkosningar verði haldnar 13. apríl, innan tæpra tveggja mánaða. Af yfirlýsingu Assads verður þó ekki ráðið, að með þessu sé hann að bregðast við yfirlýsingu um vopnahlé, því reglubundið fjögurra ára kjörtímabil þingsins rennur hvort eð er út nú í vor. Síðast var kosid til þings í Sýrlandi í maí árið 2012.

Viða eru miklar efasemdir um að vopnahlé verði að veruleika í Sýrlandi, eftir linnulaus atök árum saman.

Það vekur hins vegar nokkrar vonir að Vladimir Pútín skuli leggja áherslu á að vopnahlé verði að veruleika. Þannig hafði hann frumkvæði að samtali við Barack Obama Bandaríkjaforseta á þriðjudaginn, þar sem þeir ræddu framkvæmdaratriði í tengslum við vopnahléið.

Pútín er að mörgu leyti í lykilstöðu



Íbúi Damaskusborgar gengur fram hjá veggspjaldi með mynd af Bashar al Assad Sýrlandsforseta. NORDICPHOTOS/AFP

til þess að hafa áhrif á þróun mála í Sýrlandi. Að minnsta kosti getur hann líklega fremur en nokkur annar beitt þrýstingi á Bashar al Assad Sýrlandsforseta. Assad ætti erfitt með að neita, kjósi Pútín að beita hann þrýstingi.

„Ég er sannfærður um að þær sameiginlegu aðgerðir sem samið hefur verið um við Bandaríkin muni duga til þess að umsnúa með róttækum hætti neyðarástandinu sem ríkt hefur í Sýrlandi,“ sagði Pútín í gær. Í framhaldinu verði brýnast að koma af stað friðarviðræðum í Genf undir stjórn Sameinuðu þjóðanna.

Stríðsátök hafa nú geisad í Sýrlandi í nærri fimm ár og kostað meira en 250 þúsund manns lífið. Meira en níu milljónir manna hafa hrakist að heiman, þar af eru meira en þrjár milljónir á flotta utan landsteinanna.

Um 300 þúsund sýrlenskir flóttamenn eru komnir til Evrópu, og eru þeir nærri þriðjungur allra þeirra flóttamanna sem komu til Evrópu á síðasta ári. Nærri tvær milljónir sýrlenskra flóttamanna eru síðan í Tyrklandi, rúmlega ein milljón í Líbanon og meira en 600 þúsund í Jórdaníu. gudsteinn@frettabladid.is

Ég er sannfærður um að þær sameiginlegu aðgerðir sem samið hefur verið um við Bandaríkin muni duga til þess að umsnúa með róttækum hætti neyðarástandinu sem ríkt hefur í Sýrlandi.

Vladimir Pútín, forseti Rússlands



Tryggingamiðstöðin hf. Aðalfundur 2016

Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður haldinn fimmtudaginn 17. mars 2016 kl. 16.00 í sal I á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins.
4. Tillögur til ákvörðunar um lækun hlutafjár og heimild til kaupa á eigin bréfum.
5. Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjara-stefnu félagsins.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnar.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthafar hafa heimild til að fá ákveðið mál tekið til dagskrár á fundinum og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflega eða rafrænt á netfangið stjorn@tm.is í síðasta lagi 7. mars næstkomandi.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð á eyðublaði eða í samræmi við eyðublað sem aðgengilegt er á vef félagsins - tm.is/fjarfestar. Rafrænt umboð skal sent félaginu á netfangið stjorn@tm.is áður en fundur hefst.

Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Óski hluthafi að taka fyrirfram þátt í atkvæðagreiðslu skriflega og fá sendan atkvæðaseðil skal hann gera skriflega kröfu þar um til félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn. Að auki er unnt að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins á venjulegum opnunartíma (kl. 8:30 til 16:30) til og með miðvikudeginum 16. mars 2016, en fyrir lokun skrifstofunnar þann dag skal einnig skila þangað sendum atkvæðaseðlum. Nánar fer um atkvæðagreiðsluna og gildi atkvæða samkvæmt henni eftir reglum félagsins um atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar, settum af stjórn félagsins 18. desember 2013.

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til félagsstjórnar skemmst fimm dögum fyrir hluthafafundinn.

Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem stjórn félagsins lætur í té og unnt er að nálgast á tm.is/fjarfestar. Í tilkynningunni skal veita greinargóðar upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru á eyðublaðinu, sbr. 1. mgr. 16. gr. samþykta félagsins. Unnt er að senda félagsstjórninni útfyllta og undirritaða framboðstilkynningu fyrir lok framboðsfrests með tölvuskeyti á netfangið stjorn@tm.is.

Dagskrá aðalfundarinnar og tillögur sem fyrir hann verða lagðar, svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um fundinn má finna á tm.is/fjarfestar. Að auki mun ársreikningur (samstæðureikningur) félagsins, skýrsla stjórnar, skýrsla endurskoðenda og tillaga stjórnar um starfskjarastefnu liggja frammi á skrifstofu og á vef félagsins hluthöfum til sýnis hálfum mánuði fyrir fundinn.

Eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund verða birtar á vef félagsins upplýsingar um framboð til stjórnar.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á fundinn á fundarstað hálfri klukkustund áður en hann hefst og fengið fundargögn afhent.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.





FÁÐU ÞÉR RÁÐLAGÐAN DAGSKAMMT AF C3

CITROËN C3 SEDUCTION

VERÐ FRÁ

2.390.000 KR.

ÞÚ FÆRÐ GLÆSILEGAN KAUPAUKA AÐ VERÐMÆTI

200.000 KR.

- Nokian vetrardekk og sumardekk í skottið
- Nálægðarskynjarar að aftan
- Bakkmyndavél
- 7" snertiskjár
- Bluetooth
- USB og AUX tengi



Ef Citroën C3 væri vitamin væri ráðlagður dagskammtur einfaldlega að njóta hans sem mest. Þægindi á borð við 7" snertiskjá, sérstaklega mjúk fjöðrun, framúrskarandi hljóðeinangrun, bakkmyndavél og Bluetooth gera aksturinn afslappaðan og ánægjulegan.

Það sem meira er, C3 er búinn nýrri PureTech bensínvél sem nýverið hlaut eftirsóttá titilinn Vél ársins (International Engine of the Year). Margverðlaunaða PureTech bensínvélin sameinar frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun.

Citroën C3 er augnayndi hvar sem á hann er litið. Glæsilegur kaupauki fylgir með tímabundið. Tryggðu þér eintak.

Komdu í reynsluakstur

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á

Til skammar



Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is

Skrifað var undir nýja búvörusamninga fyrir helgi. Viðstaddir undirritunina voru fulltrúar landbúnaðar- og fjármálaráðuneyta annars vegar og bænda hins vegar. Enginn fulltrúi neytenda.

Helst hefur lengd samninganna vakið athygli, en samið var til tíu ára. Með samningunum verða hendur Alþingis bundnar í rúm tvö kjörtímabil. Næsta ríkisstjórn, og um leið þeir kjósendur sem að baki henni standa, verður þannig svipt þeim rétti að geta haft áhrif á landbúnaðarstefnuna, sem vill svo merkilega til að er eitt stærsta neytendamál okkar tíma, á eftir peningamáli.

Þá vekur tímalengdin enn meiri athygli þar sem lög gera ráð fyrir að svona samningar séu gerðir til eins árs. Heimild er til að gera þá til lengri tíma, án frekari skýringa. Tífoldun meginreglunnar er sláandi. Sér í lagi þegar haft er í huga að löggjafinn, Alþingi Íslendinga, þar sem kjörnir fulltrúar eiga að fjalla um landsmálin og taka ákvarðanir, kom með engum hætti að gerð samninganna.

Þetta skiptir máli af því að um verulegar peningafjárhæðir er að ræða. Gert er ráð fyrir að um fjórtán milljarðar á ári renni til bænda í gegnum samninginn. Þannig munu skattgreiðendur á tíu ára tímabili greiða tugi milljarða án þess að ávinningurinn sé þeim ljós, þó örugglega sé hann einhver einhvers staðar.

Furðu sætir að landbúnaðarráðherra sjái sér svona vinnubrögð fær. Að gera samninga upp á gríðarlega háar fjárhæðir án þess að nefna það einu sinni við þingið. Hvað þá að hafa ekki mætt við samningaborðið með skýr samningsmarkmið af hálfu ríkisins. Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, nefndi Icesave-samningana til samanburðar í hádegisfréttum Bylgjunnar í gær því þá samninga hefðu ráðherrar núverandi ríkisstjórnar jú gagnrýnt harðlega.

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í október á síðasta ári var samþykkt ályktun í landbúnaðarmálum. „Stefna ber að því að draga úr opinberum stuðningi við landbúnað og vinna að því að hann geti starfað á markaðsforsendum, meðal annars með því að stuðla að lækkingu tilkostnaðar á öllum stigum framleiðslunnar.“ Nýir búvörusamningar eru þvert á þessa stefnu annars ríkisstjórnarflokksins, þar sem meðal annarra formaður þingflokks hefur sagt að hún muni aldrei samþykkja samningana á þingi.

Nú mælist flokkur Pirata með mest fylgi stjórnmalaflokka landsins. Piratar tala manna mest um gagnsæi, opna stjórnsýslu og lýðræði. Allir aðrir flokkar eru í tilvistarkreppu og virðast ekki skilja af hverju fylgið forðast þá eins og pestina. Ríkisstjórnarflokkarnir, sem virðast ætla að þjósna þessum samningum í gegnum bakherbergi án umræðu og stefnumótunar, ættu að reyna að greina af hverju það er og svara kalli samtímans um betri vinnubrögð.

Langflestir Íslendingar eru stoltir af íslenskum landbúnaði. Þeir velja frekar gott hráefni sem hefur ákveðinn gæðastimpil. Það er hins vegar ljóst að hagræðing og samkeppni er landbúnaðinum holl eins og öðrum atvinnugreinum. Íslenskur landbúnaður hefur alla burði til að hagræða og standast hvers kyns samkeppni að utan.



Næsta ríkisstjórn, og um leið þeir kjósendur sem að baki henni standa, verður þannig svipt þeim rétti að geta haft áhrif á landbúnaðarstefnuna, sem vill svo merkilega til að er eitt stærsta neytendamál okkar tíma, á eftir peningamáli.

Halldór



Frá degi til dags

Kunnuglegt viðtal
Þegar fjölmiðlavelði Björns Inga Hrafnssonar keypti Reykjavík vikublað var sagnfræðingurinn Björn Jón Bragason gerður að ritstjóra. Í þessum litla dálki var smjattað á reynsluleysi mannsins sem ekki hafði starfað sem blaðamaður áður. RÚV greindi svo frá því að fyrr í mánuðinum hefði tímaritið birt á forsiðu sinni viðtal sem Björn tók, og birti, fyrir fjórum árum. Hann hefur svarað því til að honum þyki þetta leitt, hafi verið skammaður af eiganda blaðsins en hann hafi einfaldlega metið það svo að viðtalið ætti enn erindi við almenning. Skal nú engan undra að sagnfræðingur sé þeirrar skoðunar að sagan megi endurtaka sig.

Piratar í ólguþjó
Það gæstar um Birgittu Jónsdóttur, þingmann Pirata, þessi dægri en mikill titringur virðist vera innan flokksskútunnar. Í gær sagði formaður framkvæmdaráðs Pirata, Erna Ýr Öldudóttir, að það væri óþolandi hvernig Birgitta kæmi með yfirlýsingar í fjölmiðlum án þess að hafa umboð frá félagsmönnum. Svona „sólóplay“ væri óheildarlegt. Birgitta hefur svarað Ernu fullum hálsi en sú haggast ekki í afstöðu sinni gagnvart Birgittu. Nú er spurningin hvort Piratar nái að lægja öldurnar eða önnur flokkssysturanna verði látin ganga plankann.
snaeros@frettabladid.is

Hvað þolir Ísland marga ferðamenn?



Björn B. Björnsson áhugamaður um landvernd



Í skýrslu alþjóðlega ráðgjafafyrirtækisins McKinsey um bestu leiðir Íslands út úr kreppunni er sérstaklega varað við því að við förum leið fjölda-turismans.

Ferðamannastraumur til Íslands eykst ár frá ári og engin teikn eru á lofti um annað um ófyrirsjáanlega framtíð. Með þessu áframhaldi munum við fyrr eða síðar fara yfir þau mörk sem landið og íbúar þess þola, einfaldlega vegna þess að við þekkjum ekki mörkin. Það er því brýnt að mótuð verði rammaáætlun um hvert við viljum stefna í fjölda ferðamanna og hvernig við getum stýrt þessari þróun.

Í dag er stefnan sú að fá sem flesta ferðamenn til landsins óháð því hver áhrifin af því verða. Margt bendir til að þetta sé ekki besta leiðin fyrir okkur að fara.

Í fyrsta lagi eru umhverfissjónarmið. Takmörk eru fyrir því hvað landið þolir mikinn ágang og umferð. Nú þegar eru svæði eins og Þingvellir komin að þolmörkum.

Í öðru lagi eru það efnahagsleg sjónarmið. Í skýrslu alþjóðlega ráðgjafafyrirtækisins McKinsey um bestu leiðir Íslands út úr kreppunni er sérstaklega varað við því að við förum leið fjölda-turismans. Reynsla annarra þjóða af þeirri leið sé ekki góð. Hagfellðara sé að stilla fjölda ferðamanna í hóf en stefna þess í stað að því að fá meiri tekjur af hverjum. Vegna þess að ferðamennskan vex hraðar en aðrar greinar á sér þar stað gríðarleg fjárfesting sem þýðir að fjárfesting í öðrum greinum minnkar, eins og til dæmis greinum sem byggja á mannaúdi og þekkingu en ekki auðlindum. Greinum sem eru líklegri til að skapa meiri virðisauka og betur launuð störf í framtíðinni.

Þá er fyrirséð að flytja þarf inn fólk í þúsundavís á næstu árum til að starfa í ferðaþjónustu. Það mun skapa erfiðleika á vinnumarkaði, auka þrýsting á húsnæðismarkaði og gera ungu fólk enn erfiðara fyrir en nú er. Þá hafa sérfræðingar bent á að ferðamennskan getur orðið fyrir miklum og skyndilegum samdrætti vegna utanaðkomandi þátta eins og efnahagskreppu, olíuverðshækkana eða náttúruhamfara. Því er ekki skynsamlegt fyrir okkur að setja sífellt fleiri egg í þessa körfu. Það er því orðið áriðandi jafnt fyrir ferðaþjónustuna og ekki síður allan almenning að fá svar við þeirri spurningu hversu margir ferðamenn eru æskilegir fyrir land og þjóð og hvert og hvernig við viljum stýra þessari þróun. Við þurfum rammaáætlun um hvernig best er að hagnýta auðlindina Ísland.



Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi Fljótshlíð, föstudaginn 18. mars 2016 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:

1. Aðalfundarstjórn samkvæmt 24. gr. samþykkt félagsins.
2. Önnur mál.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Framboð til stjórnar og varastjórnar skal hafa borist skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund í samræmi við 2. mgr. 27. gr. samþykkt félagsins.

Reykjavík, 19. febrúar 2016.
Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.

Réttlát málsmeðferð?



Gestur Jónsson
hæstaréttarlög-
maður



Hörður Felix Harðarson
hæstaréttarlög-
maður



Kristín Edwald
hæstaréttarlög-
maður

Mannréttinda-
dómstóls Evrópu.

Við rannsókn Embættis sérstaks saksóknara á málefnum föllnu viðskiptabankanna hafa fyrirverandi starfsmenn og verjendur þeirra hvorki fengið afhent þau gögn sem aflað var við rannsóknina né aðstöðu til að kynna sér gögnin.

Þessi í stað hafa rannsakendur sjálfir lagt mat á það hvaða gögn teljast hafa sönnunargildi og hver ekki. Aðgangur verjendanna og skjólstaðinga þeirra er bundinn við þau gögn. Af því leiðir að margir sem sóttir hafa verið til saka fyrir meinta refsiverða háttsemi hafa átt þann kost einan að treysta því að starfsmenn embættisins hafi við þetta mat hugað jafnt að gögnum sem benda til sektar sem hinna sem leitt geta til sýknu. Mótmæli verjenda gegn starfsháttum embættisins og kröfur um aðgang að rannsóknargögnum hafa lítinn hljómgrunn fengið fyrir dómstólum.

Við meðferð máls sem ákærvaldið höfðaði gegn þremur fyrirverandi stjórnendum Kaupþings, þar sem undirrituð voru verjendur og dæmt var 26. janúar sl. í Héraðsdómi Reykjavíkur, gerðist það hins vegar að ákærðu var veittur aðgangur að litlum hluta gagnanna sem ákærvaldið hafði aflað við rannsókn málsins. Um var að ræða tölvupósthólf tveggja viðskiptastjóra en annar þeirra hafði gegnt lykilhlutverki við framkvæmd lánveitinganna sem ákærvaldið taldi til umboðssvika. Í ákæru var fullyrt að lán hafi verið veitt án

nokkurra trygginga. Ákærðu andmæltu þessu, m.a. á þeim grunni að andvirði lánanna hafi runnið til kaupa á skuldabréfum útgefnum af Deutsche Bank. Töldu ákærðu að skuldabréfin hefðu verið í vörslum bankans og staðið til tryggingar umræddum lánunum.

Aðgangur að gögnum skipti sköpum

Það tók ákærðu og verjendur fáeinar klukkustundir að finna gögn í tölvupósthólfi annars viðskiptastjóra þar sem sjá mátti að skuldabréfin voru kyrfilega veðsett bankanum. Meðal gagnanna voru skjámyndir úr tölvukerfum bankans sem sýndu glöggvart varðveislu skuldabréfanna, sem voru rafrænt skráð, auk samskipta milli starfsmanna bankans um þetta efni. Í dómi héraðsdóms var vísað til þessara nýju gagna, auk framburða ákærðu og vitna sem voru í samræmi við gögnin, og komist að þeirri niðurstöðu að fullyrðingar í ákæru um að lánin hafi verið veitt

án trygginga væru rangar. Þegar af þessari ástæðu voru ákærðu sýknaðir.

Ákærvaldið reyndi á öllum stigum málsins að koma í veg fyrir að ákærðu kæmst í þessi gögn. Niðurstöðu héraðsdóms um aðgang skaut ákærvaldið til Hæstaréttar. Þeirri kæru var vísað frá af formsástæðum. Ákærvaldið barðist einnig gegn því að gögn sem fundust við leit ákærðu og verjenda þeirra kæmst að í dómsmálinu og skaut þeim ágreiningi einnig til Hæstaréttar en aftur án árangurs.

Ákvörðun dómara um að veita ákærðu þennan takmarkaða aðgang að gögnum skipti hér sköpum við úrlausn málsins. Ef kröfum ákærðu hefði verið hafnað er ljóst að mikilvæg gögn hefðu aldrei komið fyrir augu dómara málsins. Málið hefði þá verið dæmt á grundvelli þeirra gagna einna sem ákærvaldið taldi máli skipta. Sú staða hefur verið uppi í öðrum málum sem rekin hafa verið á hendur þessum sömu einstakl-



Ákvörðun dómara um að veita ákærðu þennan takmarkaða aðgang að gögnum skipti hér sköpum við úrlausn málsins. Ef kröfum ákærðu hefði verið hafnað er ljóst að mikilvæg gögn hefðu aldrei komið fyrir augu dómara málsins. Málið hefði þá verið dæmt á grundvelli þeirra gagna einna sem ákærvaldið taldi máli skipta.

ingum og mörgum öðrum. Er ekki eitthvað rangt við þetta? Hvernig samrýmist þetta framangreindum grundvallarreglum um jafnan aðgang ákærvalds og ákærðu að gögnum?

Mál sem Embætti sérstaks saksóknara hefur höfðað gegn fyrirverandi starfsmönnum fjármálafyrirtækja hafa verið fyrirferðarmikil í réttarkerfinu og umfjöllun fjölmiðla síðari ár. Málin hafa ídulega verið mikil að vöxtum og algengt að málgögn nemi þúsundum eða tugþúsundum blaðsíðna. Verjendur einstaklinganna sem sóttir hafa verið til saka í þessum málum hafa gagnrýnt starfsaðferðir embættisins, jafnt við rannsókn málanna sem meðferð þeirra fyrir dómi. Meðal þess sem sætt hefur gagnrýni er meðferð embættisins á gögnum sem aflað hefur verið við rannsókn málanna.

Sökuðum mönnum er í lögum tryggður aðgangur að gögnum máls. Samkvæmt 37. gr. sakamállaga skal verjandi „fá afrit af öllum skjölum máls sem varða skjólstaðing hans, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn í málinu“. Réttur sakaðs manns til aðgangs að sömu gögnum og ákærvaldið hefur aflað við rannsókn máls er jafnframt ríkur þáttur í grundvallarreglunni um réttláta málsmeðferð sem birtist í 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og 70. gr. stjórnarskrárinnar. Þessi mikilvæga regla hefur verið umfjöllunarefni í fjölmörgum dómum

Nokkur orð um regluverk TR



Helgi Arnlaugsson
eldri borgari



Er ekki ástæða fyrir endurskoðunarnefndina að velta fyrir sér svona dæmum?

Mér skilst að einhver nefnd sé að endurskoða regluverk TR og þess vegna langar mig að leggja orð í belg um málið.

Ég vann lengi á hávaðasömum vinnustað og af þeim sökum minnkadi heyrnin smám saman sem endaði með því að ég varð að fá mér heyrnartæki. Slik tæki kostuðu um kr. 400.000. Nú er það svo að stéttarfélagið sem ég er í hefur öflugan sjúkrasjóð og félagið veitti mér styrk vegna heyrnartækjakaupanna upp á kr. 100.000 svo minn hlutur minnkadi í kr. 300.000.

Nú kemur það fram við árlega skoðun TR á því hvort eftirlaun frá TR hafi verið rétt reiknuð til hvers og eins, að þar sem ég hafði fengið þennan styrk frá mínu stéttarfélagi hefði ég fengið of há eftirlaun frá TR og mér gert að endurgreiða það sem ofgreitt hafði verið. Ég ræddi þetta við fulltrúa TR hjá sýslumanninum í Hafnarfirði, spurði hvort ekki væri leyfilegt að hafa tekjur allt að kr. 100.000 á mánuði án þess að laun frá TR skertust. Það gildir aðeins um vinnulaun, sagði fulltrúinn en taldi að skerðingin væri ekki alveg króna á móti krónu.

Dæmisaga um tvo menn

Nú langar mig að setja fram litla dæmisögu um tvo menn sem eru komnir með eftirlaun frá TR og hafa

báðir áunnið sér sama rétt til eftirlauna frá lifeyrissjóðum, hafa svipaðar heimilisáðstæður og fá því sömu greiðslu frá TR. Við getum kallað þá Jón og Pétur.

Jón hefur unnið á hávaðasömum vinnustað og af þeim sökum tapað heyrn smám saman sem endar með því að hann verður að fá sér heyrnartæki, en Pétur hefur sloppið við þetta sem betur fer og heldur sinni heyrn nokkuð vel. Heyrnartæki Jóns kosta kr. 400.000 en hann fær styrk frá sínu stéttarfélagi upp á kr. 100.000 sem leiðir til þess að TR telur að af þeim sökum hafi hann fengið of há eftirlaun og hann verður að endurgreiða það sem ofgreitt hafði verið.

Niðurstaðan er því sú að Pétur, sem ekki varð fyrir neinu heilsutjóni og þurfti þess vegna ekki að leggja út í neinn kostnað, hann heldur sínum eftirlaunum óskertum. Jón sem varð fyrir heilsutjóni og varð að leggja út kr. 300.000 af þeim sökum, honum var refsad með því að lækka eftirlaunin, vegna þess eins að stéttarfélagið vildi létta honum fjárútgjöldin.

Mér hefur alltaf skilist að hlutverk Tryggingastofnunar ríkisins sé m.a. að létta undir og hjálpa því fólki sem verður fyrir heilsutjóni og fjárútlátum af þeim sökum, því litur svona dæmi sérkennilega út. Er ekki ástæða fyrir endurskoðunarnefndina að velta fyrir sér svona dæmum?

www.ils.is 569 6900 08-16

Hafðu okkur með í ráðum

Íbúðalána sjóður

Kolvetrnaskert og próteínríkt með suðrænu bragði

– Nú fáanlegt í 500 g umbúðum

KEA NÝTT BRAG
Skýr
KÓKOS 500 g
Proteinísk

KEA NÝTT BRAG
Skýr
KÓKOS 200 g
Proteinísk

STEVIA
Náttúrulegur sætugjafi

FRÉTTABLAÐIÐ **SPORT****Er þetta sú hávaxnasta sem hefur spilað körfubolta á Íslandi?**

208 sentimetrar á hæð Ungverska kvennalandsliðið í körfubolta er komið til landsins og mætir því íslenska í Evrópukeppninni í kvöld. Með í för er miðherjinn Bernadett Határ sem er mun hærri en liðsfélagar hennar og miklu hærri en íslensku stelpurnar sem ætla að reyna að stoppa hana í Höllinni í kvöld. Hér sést hin 208 cm háa Bernadett Határ á æfingu ungverska liðsins í Laugardalshöllinni í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Glímir við ungverska risann

Hin nítján ára gamla Sandra Lind Þrastardóttir hefur fengið stórt hlutverk þrátt fyrir að vera yngsti leikmaður landsliðsins. Verkefni kvöldsins er þó af stærri gerðinni og það í bókstaflegri merkingu.

KÖRFUBOLTI Íslenska kvennalandsliðið fær ósigrað lið Ungverja í heimsókn í Laugardalshöllina í kvöld. Keflvíkingurinn Sandra Lind Þrastardóttir hefur stimplað sig inn í landsliðið í vetur en hún er yngst í liðinu og langyngst af þeim sjö sem hafa spilað í meira en 45 mínútur í fyrstu þremur leikjum liðsins í undankeppni Evrópukeppninnar.

Sandra Lind hefur hækkað stiga-skor sitt með hverjum leik en hún

átti líka mjög flotta innkomu í fyrsta Evrópuleik sinn úti í Ungverjalandi þar sem hún tók meðal annars níu fráköst innan um stóru stelpurnar í ungverska liðinu. „Þær eru stórar og sterkar en núna vitum við betur við hverju við eigum að búast og hvað við þurfum að gera,“ segir Sandra.

Ungverjar unnu Slóvakíu með einu stigi í toppslag riðilsins á laugardag og eru eina taplausa lið íslenska riðilsins. „Vonandi verða

þær bara með of mikið sjálftraust í byrjun,“ segir Sandra Lind.

„Við þurfum að gera ennþá betur í vörninni og leyfa þeim ekki að taka fráköstin. Það vantar smá sjálfs-traust í sóknarleikinn okkar því við þurfum að gera þetta eins og við erum vanar. Við þurfum bara að vera tilbúnar í að taka fríu skotin. Maður verður að hafa smá trú á sér,“ segir Sandra Lind og það hefur hún sýnt í verki í fyrstu þremur leikjumunum.

Sandra Lind er ekkert að fara kljást við neinn venjulegan leikmann í kvöld því í ungverska liðinu er hin 208 sentimetra háa Bernadett Határ. Sandra fékk að reyna sig á móti henni í fyrri leiknum.

„Það er mjög erfitt að dekka svona stóran leikmann. Ég var kannski að stíga hana út og þá tók hún bara frákastið fyrir ofan mig. Þær voru samt með aðra stóra sem var betri en hún,“ segir Sandra Lind en þar er hún að tala um hina frábæru Tijana Krivacevic sem skoraði 27 stig á íslenska liðið. Báðar eru þær mun stærri en Sandra Lind og það kallar á aðeins öðruvísi vörn sem Sandra er staðráðin í

að nýta sér. „Þegar maður er minni þá má maður oft ýta meira í þær,“ segir Sandra létt.

Andstæðingar íslenska liðsins leggja ofurkapp á að stoppa Helenu Sverrisdóttur og Sandra segir að hinar í liðinu þurfi að nýta sér það betur. Hún hefur gert það sjálf og skorað meira með hverjum leiknum. „Hin liðin eru að einbeita sér mjög mikið að Helenu og þá er maður kannski aðeins meira opin,“ segir Sandra högvær.

„Við ætlum okkur að sýna það að við eigum heima í þessari Evrópukeppni. Við þurfum að sýna okkur og öðrum það að við eigum alveg möguleika í þessi stóru lið og að við séum að gera eitthvað almennilegt hérna heima,“ segir Sandra Lind sem er yngst í landsliðinu en ein af þeim elstu í Keflavíkurliðinu þar sem meðalaldurinn er langt undir tvítugu.

Leikur Íslands og Ungverjalands hefst klukkan 19.30 í Laugardalshöllinni í kvöld og má búast við því að margir vilji sjá íslensku stelpurnar reyna sig á móti þessu sterka liði sem hefur unnið þrjá fyrstu leiki sína í riðlinum. „Ég held að það verði líka vel mætt á morgun (í kvöld). Það er ekki á hverjum degi sem fólk fær tækifæri til að sjá svona stóra stelpu,“ segir Sandra Lind að lokum.

ooj@frettabladid.is

Nýjast**Meistaradeild Evrópu****Arsenal - Barcelona 0-2**

0-1 Lionel Messi (71.), 0-2 Lionel Messi, víti (84.).

Arsenal náði að halda stórstjörnum Barcelona í skefjum í 70 mínútur áður en Lionel Messi tók leikinn í sínar hendur og skoraði tvö dýrmæt útivallarmörk fyrir Barcelona.

Juventus - Bayern M. 2-2

0-1 Thomas Müller (43.), 0-2 Arjen Robben (55.), 1-2 Paulo Dybala (63.), 2-2 Stefano Sturaro 2-2.

Útlitið var dökkt fyrir ítölsku meistarana eftir góða byrjun Bayern en Juventus á enn möguleika fyrir síðari leik liðanna.

GLÓDÍS OG JÓHANN SKORUÐU

Glódís Perla Viggósdóttir skoraði fyrsta mark Eskilstuna í fyrsta keppnisleik tímabilsins í Svíþjóð er liðið hafði betur, 4-0, gegn Örebro í 16-liða úrslitum bikarkeppninnar. Anna Björk Kristjánsdóttir lék allan leikinn í liði Örebro en hún kom til liðsins frá Stjórnunni í upphafi ársins.



Jóhann Berg Guðmundsson skoraði svo fyrir Charlton sem mætti Preston North End í ensku B-deildinni. Markið kom á 37. mínútu, aðeins tveimur mínútum eftir að Preston komst yfir. Það dugði þó ekki til þar sem að Preston tryggði sér 2-1 sigur með marki snemma í síðari hálfleik. Charlton er því enn neðst í B-deildinni með 25 stig eftir 32 leiki og er nú sjö stigum frá öruggu sæti.

ERLENDIR LEIKMENN STREYMA TIL LANDSINS

Liðin í Pepsi-deildum karla og kvenna halda áfram að styrkja sig fyrir átök sumarsins en í gær bárust fregnir af því að bæði Blikar og Fjölismenn hefðu samið við erlenda leikmenn. Daniel Bemberg, sem er bæði með sænskt og brasílskt ríkisfang, leikur með Blikum í sumar en hann er 31 árs miðjumaður. Þá samdi Igor Jugovic, fyrrum unglíngalandsliðsmaður Króatíu, við Fjölni en hann er 27 ára varnarsinnaður miðjumaður.

Þór/KA hélt svo áfram að sækja landsliðskonur til Mexíkó en í gær var Natalia Gomez Junco kynnt til sögunnar og er því þriðji leikmaður Akureyringa frá Mexíkó. Hinar eru Cecilia Santiago og Stephany Mayor. Junco er 24 ára miðjumaður.

**SEXTÁN ÁRA TIL BRIGHTON**

Stefan Alexander Ljubicic, leikmaður Keflavíkur, hefur gert þriggja ára samning við enska B-deildarliðið Brighton & Hove Albion og gengur til liðs við félagið í sumar. Stefan Alexander var til reynslu hjá félaginu í haust og heillaði forráðamenn enska liðsins.

Stefan Alexander er aðeins sextán ára og er einnig efnilegur körfuboltamaður.

Í dag

19.30 D. Kiev - Man. City Sport
19.30 PSV - Atletico M. Sport 3
21.45 Meistaradeildarm. Sport

19.30 Ísland - Ungverjal. Laugard.h.

REKKJAN KYNNIR

ROYALAVIANA

KYNNINGARVERÐ

Stærð: 153x200 cm.
Með botn: **115.080 kr.**
Án botns: **73.486 kr.**

ARGHII, 080216 #6

rekkjan

HEILSURÚM

Tröppur og stigar

fyrir framkvæmdafólk

MÚRBÚÐARVERÐ



A021-106 6 þrep
13.490
(mynd sýnir 5 þrepa)

GOTT ÚRVAL AF
TRÖPPUM FYRIR
IÐNAÐARMANNINN



A031-207 7 þrep
24.990
6 þrepa 22.990,-
9 þrepa 32.990,-
11 þrepa 39.520,-



A0118-104 4 þrep
10.900
6 þrepa 13.990,-



RLA-05
Áltrappa 5 þrep, tvöföld
6.590
4 þrepa 5.690,-
6 þrepa 7.790,-
7 þrepa 8.990,-

LLA-210
PRO álstigi/trappa
2x14 þrep

21.890



CLA-403
Fjölnota trappa með palli
stigi/pallur 4x3 þrep

15.890

TVÖFALDUR STIGI
Stigi TIA-LSC380AL1
með reipi 361-610cm

33.900



LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m

18.990

San-SM-RLB02
stubbastækkari

3.550

Áltrappa 3 þrep - verð frá

3.950

Áltrappa 4 þrep 4.940
5 þrep 6.590
6 þrep 6.990
7 þrep 7.990



LLA-211 - BAR
PRO álstigi/trappa
2x11 þrep
3,11-5,34 m

16.990

LLA-112
Álstigi 12 þrep 3,38 m

7.490

12 þrepa 8.390



SAN-SM-CLE206
Fjölnota pallur/trappa

17.990
pallur fylgir



LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Uppfylla EN:131 staðalinn

Reykjavík	Kletthálsi 7	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18	Opið virka daga kl. 8-18

TÍMAMÓT



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir afi og langafi,
Halldór Jóhannesson
bóndi,
Brekum 3 í Mýrdal,

andaðist á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu
Hjallatúni í Vík föstudaginn 19. febrúar sl.
Útförin fer fram frá Skeiðflatarkirkju laugardaginn
27. febrúar kl. 14.

Helga Halldórsdóttir **Ögmundur Ólafsson**
Arnar Viggó Halldórsson **Hrafnhildur Guðmundsdóttir**
Jóhannes Halldórsson **Unnur Sigurðardóttir**
Sævar Halldórsson **Halla Guðlaug Emilsdóttir**
Guðrún Sigríður Ingvarsdóttir
afabörn og langafabörn.



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Steinunn Yngvadóttir
frá Hofsósi,

lést á hjúkrunarheimilinu Lundi á Hellu
föstudaginn 19. febrúar. Útför hennar
fer fram frá Hofsóskirkju laugardaginn
27. febrúar kl. 11.00.

Kristbjörg St. Gísladóttir **Bjarni Ragnarsson**
Kristján J. Gíslason
Magnús T. Gíslason **Berglind Einarsson**
Gísli Ragnar, Sverrir Tómas, Gísli Þór og Íris Lilja.



Ástkær móðir mín, amma,
langamma og langalangamma,
Edith Elsa María Nicolaidóttir
(Amma Lilly)

Heiðargarði 92,

lést sunnudaginn 21. febrúar á Skjólí. Útförin
fer fram frá Grensáskirkju þriðjudaginn 1. mars kl. 15. Þeir
sem vilja minnst hennar vinsamlega láti
barnaspítala Hringins njóta.

Sigríður Eyjólfsdóttir **Magnús Gunnarsson**
Unnur Magnúsdóttir **Sigurður Birkir Bjarkason**
María Edith Magnúsdóttir **Baldur Örn Baldursson**
Stefán Örn Magnússon **Nanna Jónsdóttir**
barnabarnabörn og barnabarnabarn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,
Halldór Karl Halldórsson
Sundabúð 3,
Vopnafirði,

sem andaðist á Sjúkrahúsinu á
Akureyri þriðjudaginn 16. febrúar, verður
jarðsunginn frá Vopnafjarðarkirkju laugardaginn
27. febrúar og hefst athöfnin kl. 14.00.

Hrönn Halldórsdóttir **Árni Árnason**
Aðalsteinn A. Halldórsson **Helga Björnsdóttir**
Anna H. Halldórsdóttir **Magnús Ólafur Kristjánsson**
Þór Halldórsson **Helga Vilborg Sigjónsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur pabbi, tengdapabbi,
fyrirverandi eiginmaður,
afi og langafi okkar,
Þórir Þórarinnsson
Þverbrekku 4, Kópavogi,

lést á líknaardeild Landspítalans í
Kópavogi aðfaranótt föstudagsins
19. febrúar. Útför hans verður auglýst síðar.

Eli Þór Þórisson **Kristín Birna Gísladóttir**
Brynjar Logi Þórisson **Ásta Kristín Bjartmarz**
Ingimar Trausti Þórisson
Kristín Elidóttir
afa- og langafabörn.

Foreldrar vilja ekki að börnin séu í reiðileysi

Fristundamiðstöðin í Frostaskjólí var opnuð 1986 sem félagsmiðstöð fyrir unglínga og fagnar því þritugsamæli. Guðrún Kaldal hefur stýrt starfinu í tæp 20 ár og lítur yfir farinn veg.

„Það verður afmælisparti hjá okkur í dag þar sem krakkarnir sýna afrakstur af sínu starfi með vídeóum, myndlist og uppistandi svo eitthvað sé nefnt. Svo verður hægt að hafa það kósí, spila, fönndra og spjalla.“ Þannig lýsir Guðrún Kaldal, framkvæmastjóri dagskrár í Frostaskjólí í tilefni þess að þrjátíu ár eru síðan félagsmiðstöð unglínga var opnuð þar. Á þeim tíma voru víða opnuð slík samkomuhús í hverfum Reykjavíkur til að stemma stígu við unglíngadrykkju og ómenningu á Hallærisplaninu og víðar. Í upphafi voru félagsmiðstöðvarnar á vegum Æskulýðsráðs borgarinnar, ýmist í samstarfi við íþróttafélögin, kirkjuna eða skátana. „Í raun byggjum við alltaf á sama grunni, að vinna með félagsþroska og forvarnir,“ segir Guðrún sem hefur verið framkvæmdastjóri í Frostaskjólí frá 1997.

Nú heyrir Fristundamiðstöðin Frostaskjól undir skóla- og frístunda- svið Reykjavíkur og á hverjum degi njóta um 1.000 ungmenni þjónustu hennar, þar af um 650 börn sem dvelja í frístundaheimilum eftir að skóla lýkur. „Þau heimili eru í grunnskólunum en undir okkar hatti, því hjá okkur vinnur fagstétt frístundafólks, samtals 140 manns með ólíka menntun og áhugasvið,“ lýsir Guðrún. „Starfið fer fram á sex stöðum, félagsmiðstöðvar fyrir 10-14 ára og ungmennahúsið Jökla í Frostaskjólí fyrir 16 ára og eldri eru þar á meðal.“

Margt hefur breyst í þjóðfélaginu frá því Guðrún hóf að starfa í Frostaskjólí, til dæmis var atvinnuþátttaka kvenna mun minni þá en í dag, að hennar sögn. „Árið 2001 var bara um helmingur barna sem nýtti sér svokölluð skólalagheimili eftir skólann. Nú eru frístundaheimilin orðin grunnþjónusta, líkt og leikskólar, og þar dvelja öll börn í Vesturbænum í 1. og 2. bekk eftir skóla og um 70% barna í 3. og 4. bekk,“ lýsir Guðrún og heldur áfram: „Við höfum líka farið í mikið átak til að börn geti stundað íþróttæfingar, skátastarf og tónlistarnám í framhaldi af skólanum. Frístundaheimilið er svo eins og venjulegt heimili þar sem einhver fullorðinn tekur á móti börnunum, gefur þeim hressingu og sendir þau af stað í aukatímuna. Foreldrar vilja ekki að börnin þeirra séu í reiðileysi.“

gun@frettabladid.is

●● **Í raun byggjum við alltaf á sama grunni, að vinna með félagsþroska og forvarnir.**



Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri í Frostaskjólí, hlakkar greinilega til afmælispartisins í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma, og langamma,
Ásta Einarsdóttir
Hliðarvegi 18, Ólafsfirði,

lést föstudaginn 19. febrúar. Útförin fer
fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn
5. mars kl. 14.00.

Magnús Guðnason **Klara Sv. Guðnadóttir**
Birgir Guðnason **Borghildur Björk Sverrisdóttir**
Eygló Guðnadóttir **Kristinn Gunnarsson**
Ingi A. Guðnason **Sonja Sól Einarsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Guðrún Margrét Árnadóttir
Vík, Bakkafirði,

lést á Nausti 16. febrúar.
Útför hennar fer fram frá
Skeggjastaðakirkju laugardaginn
27. febrúar kl. 14.

Reynir Njálsson **Sigrúður Rögnvaldsdóttir**
Halldór Njálsson **Áki H. Guðmundsson**
Hilma H. Njálssdóttir
Árni Bragi Njálsson
barnabörn og barnabarnabörn.

OYSTER PERPETUAL
DATEJUST II

ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 24. febrúar 2016

8. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

Selja fyrir sjö milljarða á ári

Tekjusvið Vífilfells eru sjö en sala gosdrykkja langstærsta sviðið

Forstjórinn segir áskorun að reka fyrirtækið í þeirri heilsuþyltingu sem ríður yfir heiminn

Fyrirtækið ver um 100 milljónum í endurbætur á húsnæði sínu

»6



»2

Bankastjóri biður

Birna Einarsdóttir veit ekki enn hver framtíðarlaunin verða.

»4

Purfa erlent vinnuafli

Ef ekki fæst erlent vinnuafli í byggingariðnað munu íbúðabyggingar líða fyrir uppvöxt í hótélbyggingum.

»8

Svipmyndin: Jürgen Kudritzki

Forstjóri Marorku segir fyrirtækið hafa skort þekkingu á skipaútgæru.

»10

Olían ekki hrunvaldur á mörkuðum

Lars Christensen skrifar um lækkandi olíuverð og hlutabréfamarkaði.

»12

Forgjöfin ljós

Stjórnarmaðurinn skrifar um Íslandsbanka.

Rúmfatnaður fyrir hótél og sjúkrastofnanir

Vandaður rúmfatnaður 100% cotton satin með 300TH. 60/60µ.
Sterk og endingargóð teygjulök, 100% cotton satin með 300TH.
Gæða handklæði 500 gsm.
Góðar sængur sem má þvo við 95° hita.
Dýnuhlífar, þola þvott við 95°, rakaheldnar.

EG HEILD EHF

Opið frá kl. 13 til 18 virka daga.
Vinsamlegast sendið net-skilaboð.

Stórhöfði 17 • 110 Reykjavík • Sími 5877685 • Netfang: elias@egheild.is • www.egheild.is



SKJÓÐAN



Gæluverkefni fortíðar kostar 3-4 Landspítala

LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA og fulltrúi bænda eru búnir að skrifa undir búvörusamning til tíu ára. Það er því ekki fyrr en á fjórða kjörtímabili héðan í frá sem hann fellur úr gildi. Samningurinn felur í sér hækkun á beinum greiðslum til bænda sem nema næstum 14 milljörðum á ári til að byrja með en heildargreiðslur á tíu árum eiga að nema 132 milljörðum. Þetta slagur hátt í tvo Landspítala og er þá ekki tekið tillit til verndartolla og innflutningshindrana á landbúnaðarvörum, sem metnar eru á sama.

ÞAÐ FARA með öðrum orðum á næstu tíu árum igildi þriggja til fjögurra Landspítala í að viðhalda úreltu landbúnaðarkerfi, sem viðheldur fátækt meðal bænda og tryggir að Íslendingar greiða eitt-hvert hæsta matarverð í heimi.

ENGINN FULLTRÚI neytenda, verslunarinnar, verkalyðshreyfingarinnar eða annarra matvælaframleiðenda fékk sæti við borðið. Þar sátu aðeins ráðherrann og fulltrúi bænda. Eitt stykki Icesave. Starfslaun handa rúmlega þrjú þúsund listamönnum í tólf mánuði á hverju ári næstu tíu árin. Hvað er það milli vina?

OG ÞARNA voru svo sannarlega vinir að útdeila fjármunum úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar. Báðir núverandi stjórnarflokkar eru þekktir fyrir sérstaka hagsmunavörslu fyrir landbúnaðarkerfið á kostnað neytenda. Sjálfstæðisflokkurinn vildi einhvern tíma láta sem hann væri flokkur

frjáls framtaks og neytenda en það er löngu liðin tíð. Nú eru tveir af þremur turnum í stefnu flokksins varðstaða um niðurgreiddan aðgang örfárna að þjóðarauðlindum og ölmusukerfi fyrir bændur á kostnað neytenda. Þriðji turninn er að tryggja mikilsverða hagsmuni fyrir helstu bakhjarla flokksins aðra en útgerðarmenn og bændur.

EKKI VAR nóg með að 132 milljarða útgjöld ríkisins væru ákveðin því sem næst með tveggja manna tali ráðherra og fulltrúa bænda heldur ríkti fullkomin leynd yfir innihaldi samningsins þar til búið var að skrifa undir hann. Er það svo sem í takti við annað hjá þessari ríkisstjórn og fyrirtækjum í eigu ríkisins.

REYNT HEFUR verið að færa þau rök fyrir samningnum að honum sé ætlað að spara gjaldeyri og tryggja matvælaöryggi. Þessi rök eru fáránleg. Matvælaframleiðsla í landbúnaði reidir sig á innflutt föður, áburð, eldsneyti, tæki og fleira sem kostar meiri gjaldeyri en innfluttar landbúnaðarafurðir. Ef aðföng til landsins bresta brestur íslenskur landbúnaður líka.

FORSÆTISRÁÐHERRA segir málið frá þar sem búið sé að skrifa undir samninginn. Fyrst þarf Alþingi þó að leggja blessun sína yfir hann því fjárveitingavaldið er í höndum þess. Nú verður fylgst vel með því hvornig fulltrúar þjóðarinnar greiða atkvæði. Í landinu munu vera innan við þrjú þúsund bændur en neytendur eru rúmlega 330 þúsund.

Vikan sem leið

110
milljarða tap

HSBC, stærsti banki Evrópu, tapaði 858 milljónum dala, um 110 milljörðum króna, á síðasta fjórðungi 2015. Tekjur bankans hafa dregist saman og þá sérstaklega tekjur af lánum. Bankinn stóðst ekki væntingar og hefur verið kallað eftir frekari sparnaðaraðgerðum. Tilkynnt var um uppsögn 25 þúsund starfsmanna í fyrra.

11
MILLJARÐA HAGNAÐUR

Hagnaður Landsvirkjunar nam jafnvirði 10,8 milljarða króna eða 84,2 milljónum dollara, samanborið við 78,4 milljónir dollara árið áður. Nettó skuldir Landsvirkjunar lækkuðu um 26 milljarða króna á síðasta ári. Þrátt fyrir aukinn hagnað drógust rekstrartekjur saman. Það gerði rekstrar- og viðhaldskostnaður einnig.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Umsjón Jón Hákon Halldórsson jonhakon@365.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir | Forsíðumynd Stefán Karlsson

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is



Fram kom á fundinum í gær að útibúum Íslandsbanka hefur fækkað úr tuttugu og sex í sautján milli árunna 2011 og 2015.

MYND/STÖÐ 2

Birna íhugar stöðu sína

Laun bankastjóra Íslandsbanka gætu orðið rúmlega helmingi lægri eftir ríkiseign. Framkvæmdastjórn bankans vonar að eignarhald ríkisins vari stutt.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, mun íhuga stöðu sína hjá bankanum nú þegar hann er kominn í ríkiseigu, ef kjör hennar munu breytast. Þetta kom fram á uppgjörsfundum Íslandsbanka í gær. „Það á eftir að koma í ljós þegar hlutirnir skýrast betur og ég hef því ekki tekið neina ákvörðun. Það á einnig eftir að koma í ljós hvaða áherslur nýr eigandi vill setja í rekstrinum,“ segir Birna. Hún lét þess þó getið á fundinum að þrátt fyrir launalækkun yrði hún þó með töluvert há laun miðað við aðra starfsmenn.

Líkur eru á að laun bankastjórans muni lækka töluvert nú þegar bankinn er í ríkiseigu og launin ákvörðuð af kjararáði. Laun Birnu heyrta ekki undir kjararáði núna og voru 44 milljónir, eða um 3,76 milljónir á mánuði í fyrra samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi. Auk þess fékk hún 7,2 milljónir króna í árangurstengda greiðslu.

Til samanburðar eru núverandi laun Steinþórs Pálssonar, bankastjóra Landsbankans, 1,64 milljónir

3,67 milljónir
Mánaðarlaun Birnu Einarsdóttur 2015

1,64 milljónir
Núverandi mánaðarlaun Steinþórs Pálssonar

á mánuði og fær hann ekki árangurstengdar greiðslur.

Fram kom einnig á fundinum að framkvæmdastjórn bankans vonar að bankinn verði ekki lengi í eigu ríkisins. Starfsfólk bankans líti á eignarhald ríkisins sem tímabundið. Þetta sé meðal annars vegna þess að bankinn hafi nánast alltaf verið í einkaeigu og þannig hafi menning bankans tekið mið af því.

Hagnaður Íslandsbanka eftir skatta var 20,6 milljarðar á síðasta ári, samanborið við 22,7 milljarða króna árið 2014. Í tilkynningu segir að munurinn liggja að stærstu leyti í einkisliðum og styrkingu íslensku krónunnar. Arðsemi eigin fjár var 10,8 prósent samanborið við 12,8 prósent árið 2014.

Grunnrekstur hefur haldið áfram að styrkjast, en hagnaður af reglulegri starfsemi var 16,2 milljarðar króna samanborið við 14,8 milljarða króna á sama tíma 2014. Útibúum Íslandsbanka hefur fækkað úr tuttugu og sex í sautján milli árunna 2011 og 2015, og stefnt er að því að þau verði fimmtán í árslok 2016.

Íslandsbanki skuldbatt sig til að greiða 378 milljónir króna á síðasta ári, eða 20 milljónum meira en árið áður, vegna bónusa til starfsmanna bankans og dótturfélaga þess. Þau svör fengust frá Íslandsbanka um þetta að Íslandsbanki hefur notast við kaupaukakerfi frá árinu 2013 og fylgir reglum Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi fjármálaþyrirtækja. saeunn@frettabladid.is

Á döfinni

Miðvikudagur 24. febrúar

HAGSTOFA ÍSLANDS - Vinnumarkaður í janúar 2016

ARION BANKI - Ársuppgjör 2015,

HB GRANDI - Fjórði ársfjórðungur 2015,

VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS - Ársuppgjör 2015,

N1 - Ársreikningur 2015.

Fimmtudagur 25. febrúar

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Fjöldi útgefinna vegabréfa.

HAGSTOFA ÍSLANDS - Fiskiskipastóllinn í árslok 2015.

HAGSTOFA ÍSLANDS - Kjötframleiðsla í janúar 2016.

HAGSTOFA ÍSLANDS - Vísitala neysluverðs í febrúar 2016.

HB GRANDI - Ársreikningur 2015.

LANDSBANKINN - Ársuppgjör 2015,

EIMSKIP - Fjórði ársfjórðungur 2015,

Föstudagur 26. febrúar

NÝHERJI - Aðalfundur ársins 2015.

HAGSTOFA ÍSLANDS - Nýskráningar og gjaldprot hlutafélaga og einkahlutafélaga í janúar 2016.

[visir](http://visir.is) Allar markaðsupplýsingar

keldan
dagatal viðskiptalífisins

thecking.is

TÖLVUKERFIÐ
ÞITT Í ÖRUGGUM
HÖNDUM

Yfir 300 fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum treysta okkur fyrir sínum tölvukerfum.

Hafðu samband:
460 3100 / sala@thecking.is

PECKING
Tölvudeildin þín





NJÓTTU NÚ ANDARTAKSINS. UTANDYRA

Volvo S60 Cross Country er konungur vegarins. Sterkbyggður og fágaður. Veghæðin er heilir 20 cm og dekkinn eru stór, eða 18 tommu. Steinliggur hvort sem er á hlykkjóttum fjallvegi eða á grófum malarvegi. Einstakur akstur fyrir unnendur hönnunar, náttúru og ævintýra. Verð frá 6.260.000 kr.

KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN
VOLVO S60 CROSS COUNTRY
Í BRIMBORG

MADE BY SWEDEN
VOLVOCARS.IS



Volvo S60 Cross Country sameinar kosti fólksbíls og jeppa. Hann tekur það besta úr báðum heimum. Hann getur tekist á við erfiða vegi, en býr þó enn yfir kvikum aksturseiginleikum fólksbíls. Hann er fánlegur í Inscription útfærslu sem er ríkulega búin staðalbúnaði eins og leðurinnréttingu, TFT digital skjá í mælaborði, rafdrifnu öikumannssæti með minni, krómlista á framstuðara, vélarhitara með tímastilli, tölvustýrðri loftkælingu (ECC), Volvo High Performance hjómtækjum, Bluetooth GSM símkerfi og hinu margverðlaunaða öryggiskerfi Borgaröryggi (City Safety). Á bílnum eru glæsilegir Cross Country silsalistar og vindkljúfasett. Hann kemur á völdugum 18" Neso álfelgum. Volvo leggur mikið upp úr því að bjóða bíla sem hafa sem minnst áhrif á umhverfið, Volvo S60 Cross Country er knúinn sparneytinni en aflmikilli tveggja lítra Drive-E dísilvél sem skilar 190 hestöflum. Eldsneytisnotkun (beinskiptur/sjálfskiptur) í blönduðum akstri er 4,2/4,6 l/100 km og CO₂ losun er 111/120 g/km. Fánlegur fjórhjóladrifinn (AWD). Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Finnst furðulegt að hindra eigi stjórnarsetu hans í Fáfni

Ketill Sigurjónsson, lögfræðingur og umsjónamaður Orkubloggsins, og Davíð Stefánsson, starfsmaður Íslandssjóða, dótturfélags Íslandsbanka, sækjast báðir eftir einu lausu sæti í stjórn Fáfnis Offshore á hluthafafundi í dag. Sjóðurinn Akur, sem er í rekstri Íslandssjóða, er stærsti hluthafi Fáfnis og íslenskir lífeyrissjóðir eru stórir hluthafar í.

Steingrímur Erlingsson, sem sagt var upp sem forstjóra Fáfnis í desember, og danska félagið Optima A/S, boðuðu til fundarins.

„Maður var þínulítið undrandi að fréttu af því að þeir tilnefni einhvern annan í stjórn því það er beðið um þennan fund að beiðni Steingríms

og Optima í Danmörku sem vilja koma inn sínum stjórnarmanni og þau eiga næstum 25 prósent í félaginu. Manni finnst furðulegt að aðrir hluthafar ætli að koma í veg fyrir það,“ segir Ketill.

Ekki þarf að kjósa nýja stjórn í heild sinni fyrir en á aðalfundi Fáfnis sem heimilt er að halda í síðasta lagi í lok ágúst á þessu ári. Því geta eigendur tæplega fjórðungs hlutfjár í Fáfni verið án fulltrúa í stjórn þangað til, hljóti Ketill ekki brautargengi á fundinum í dag.

DV greindi frá því í síðustu viku að stjórn Fáfnis hygðist leggja fyrir fundinn heimild til að breyta samþykktum félagsins svo félagið geti

lagt í tæplega 200 milljóna króna skuldabréfaútgáfu á 20 prósent vöxtum. Ketill segir að ráðgert sé að kaupendur bréfanna geti breytt þeim í hlutfé, sem numið geti allt að 60 prósent hlut í Fáfni. Til samanburðar nemur hlutféð sem áður hefur verið í Fáfni tæpum þremur milljörðum króna. Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa núverandi hluthafar forkaupsrétt til þess að skrifa sig fyrir skuldabréfinu í hlutfall við eign sína í Fáfni.

Þá segir Ketill einnig tillögu liggja fyrir fundinum um að færa skipið Fáfni Viking, sem enn er í smíðum, inn í sérstakt félag sem yrði dótturfélag Fáfnis. – ih



Fáfni rekur eitt skip í dag, oliuþjónustuskipið Polarsysse.



Við sameiningu myndi London Stock Exchange eiga 45,6 prósent í samstæðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Stefnt að sameiningu

Kauphöllin í London, London Stock Exchange (LSE), hefur staðfest samrunaviðræður við þýsku kauphöllina Deutsche Boerse. Hlutfélagið í LSE hækkuðu um 17 prósent eftir tilkynninguna en hlutfélagið Deutsche Boerse um sjö prósent.

BBC greinir frá því að bæði fyrirtækin myndu halda áfram að starfa undir eigin nafni eftir sameiningu. Þetta er í þriðja sinn sem kauphallirnar reyna að ná samningum. Þær reyndu það áður árið 2000 og 2004-2005.

Ef af sameiningu verður mun LSE eiga 45,6 prósent í samstæðunni en Deutsche Boerse 54,5 prósent. – sg

Fyrsta Q400 vélin kemur

Flugfélag Íslands tekur á móti fyrstu Bombardier Q400 flugvélinni sinni eftir hádegi í dag. Með komu þessarar flugvélar er áætlað að endurnýjun á flugflota Flugfélagsins sé formlega hafin.

Tilkynnt var í mars í fyrra að Flugfélag Íslands hefði ákveðið að taka Q400 vélarnar í rekstur í stað Fokker 50 flugvélna sem verið hafa í rekstri félagsins allt frá árinu 1992. Q400 vélarnar eru stærri en Fokker 50 og gerir Flugfélag Íslands ráð fyrir að taka þrjár vélar í 74 sæta útgáfu í sinn rekstur í stað þeirra fimm Fokker 50 véla sem félagið hefur hingað til verið með. Fimm-tíu sæti eru í Fokkervélunum. – jhh

Hóteluppbygging gæti haldið aftur af íbúðabyggingum

Ef erfitt verður að fá erlent vinnuafli gæti hóteluppbygging haldið aftur af íbúðabyggingum. Sérfræðingur hjá greiningardeild Arion telur þó enn of snemmt að segja að íbúðaupbygging líði fyrir fjölgun hótela.


Hóteluppbygging hefur hingað til haft lítil áhrif á íbúðabyggingu en gæti komið til með að gera það á næstu árum. Þetta er mat Konráðs S. Guðjónssonar, sérfræðings hjá greiningardeild Arion banka. Hann heldur erindi um efnid á Fasteignaráðstefnunni 2016 sem fer fram í Hörpu á morgun.

„Það er klárlega of lítil íbúðafjölfesting búin að vera núna undanfarið, það er komin uppsöfnuð þörf. Það er ýmislegt sem spilar þar inn, ég er ekki svo viss um að það sé hóteluppbygging eins og hún hefur verið nú þegar. Það hefur svo sem verið einhver slaki á byggingamarkaðnum, hann hefur verið að ná sér eftir efnahagshrunið,“ segir Konráð. „Fjöldi annarra þátta en hóteluppbygging spilar þar inn í og ýmsar kenningar eru um af hverju ekki sé meiri íbúðafjölfesting. Hótelbygging hefur einhver áhrif, hversu mikið er erfitt að segja.“

Eins og staðan er núna varðandi uppbyggingu hótela segir Konráð að fólk sé of svartsýnt að telja að hótel séu að drepa niður alla íbúðaupbyggingu. „Ef þú setur þessi hótelherbergi í samhengi við íbúðafjölda þá er þetta ekki svo gríðarlegt miðað við hvað þyrfti að byggja mikið af íbúðum til að eiga við fjölsfjölgun. Bygging sjö hundruð hótélherbergja í fyrra er eins og að byggja innan við fimm hundruð íbúðir,“ segir Konráð.

„Það sem maður aðallega veltir fyrir sér er þegar maður litur fram á veginn og þar er aukin uppsöfnuð

Fjöldi hótelherbergja á höfuðborgarsvæðinu áætlað framboð



Heimildir: Reykjavíkurborg, Fréttablaðið 20. janúar sl., greiningardeild Arion banka.

Þetta veltur allt á hvernig verktakageirinn og byggingabransinn bregðast við því. Nú er hann í fullri nýtingu. Það er spurning hvernig hann bregst við því að þurfa að flytja inn vinnuafli og annað.

Konráð S. Guðjónsson



þörf fyrir íbúðir og fleiri hótel að bætast við áætlun. Það eru hugmyndir um að fleiri hótel bætist við í ár en í fyrra. Þegar kominn er meiri þrýstingur á verktakabransann þá gæti þetta farið að hafa áhrif,“ segir Konráð.

„Þetta veltur allt á hvernig verktakageirinn og byggingabransinn bregðast við því. Nú er hann í fullri nýtingu. Það er spurning hvernig hann bregst við því að þurfa að flytja inn vinnuafli og annað. Ef það næst að flytja inn vinnuafli, þá mun hóteluppbygging ekki hafa áhrif á byggingu íbúða. En ef það tekst ekki þá getur það þrýst á. Það er ekki ástæða til

svartsýni en fólk þarf að velja þessu fyrir sér,“ segir Konráð.

Annað sem spilar inn í er hugsanleg metnun á hótelmarkaði. Í nýlegum Markaðspunktum greiningardeildar Arion banka kemur fram að miðað við þá uppbyggingu sem er á teiknborðinu, og hversu hratt bæt hefur við áform um hótelbyggingu á síðustu mánuðum, telur greiningardeildin rétt að staldra aðeins við. Enn sé þörf fyrir fleiri hótel og gistirými, en það sem nú sé á teiknborðinu virðist fara langt með að fullnægja þörf á hótelrymum ef spá um tvær milljónir ferðamanna innan þriggja ára gengur eftir. saeunn@frettabladid.is



ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.

ICELANDAIR



Wi-Fi on board

Opnaðu
bílskúrinn
með appi.



Chamberlain hleypir þér inn

Chamberlain bílskúrshurðaopnarar eru sterkir, endingargóðir og traustir. Uppsetningin er einföld, þægileg og fljótleg. Það er hægt að fá framlengingar fyrir hærri hurðir. Chamberlain opnarar eru hljóðlátir, einnig fæst MyQ búnaður sem nettengir opnarann og þá má sjá hvort bílskúrinn sé opinn eða lokaður hvar og hvenær sem er í gegnum tölvu eða með sérstöku appi fyrir snjallsíma. Þá er hægt að opna og loka með sama appi.

Ef þú þarft bílskúrshurðaopnara eða það er kominn tími á endurnýjun, hafðu Chamberlain efst í huga. Öryggisins vegna.

Leiðbeiningar á íslensku fylgja



ENDURSÖLUAÐILAR:

Verslanir Byko | Verslanir Húsasmiðjunnar | Láshúsið, Bíldshöfða 16



Carlos Cruz hefur verið forstjóri Vífilfells í tæpt ár og ætlar að vera hér í þrjú til fjögur ár. Segir fyrirtækið vel fjármagnað. Tæp sextiu prósent af tekjum Vífilfells koma af sölu gosdrykkja. Carlos segir það áskorun að selja gosdrykki í þeirri heilsuþyngingu sem ríður yfir heiminn.

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Carlos Cruz kom til Íslands þann 5. febrúar í fyrra til þess að taka við forstjórastólnum hjá Vífilfelli, framleiðanda Coca-Cola á Íslandi. „Fyrsta mánuðinn var ég ekki formlega forstjóri. Fyrsti dagurinn sem forstjóri var 1. mars. Þannig að það er næstum því komið eitt ár frá því að ég byrjaði,“ segir Carlos í samtali við Markaðinn. Carlos var áður framkvæmdastjóri sölumála hjá Refrige SA í Portúgal frá árinu 2009. Refrige SA er átöppunarfyrirtæki fyrir The Coca-Cola Company og hluti af Coca-Cola Iberian Partners sem er í eigu Cobega SA á Spáni. Fyrir það starfaði hann sem framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu Scottish & Newcastle Ibérica á Spáni, sem var ein af sex stærstu bruggverksmiðjum í heiminum. Þar var bruggaður bjór á borð við Fosters, Kronenbourg, John Smith og fleira.

Tók þátt í stofnun CCIP

Carlos tók þátt í stofnun Coca-Cola Iberian Partners, sem varð til við sameiningu átta átöppunarfyrirtækja árið 2013. Eftir það lá ekki ljóst fyrir hvað yrði um Carlos. Hann segist hafa litið svo á að með sína reynslu og þekkingu og áhuga á að búa í ókunnugum löndum þá gæti orðið áhugavert að flytja til Íslands. Stjórnendur Coca-Cola Iberian Partners töldu það líka heppilegt. „Mér fannst þetta góð leið til þess að stíga næsta skref á starfsferlinum.“

Carlos segir að miklar breytingar hafi orðið á eigendum Vífilfells eftir að spænska fjölskyldufyrirtækið Cobega keypti Vífilfell árið 2011. Cobega var þá stærsti hluthafinn í Coca-Cola Iberian Partners (CCIP). Fyrirtækið varð svo hluti af Coca-Cola European Partners (CCEP) í ágúst í fyrra, en það er núna stærsta átöppunarfyrirtækið innan Coca-Cola í heiminum með árstekjur sem nema um 12 milljörðum evra. Það samsvarar 1.700 milljörðum íslenskra króna. Starfsemin er í þrettán ríkjum og þar með talið Vífilfell á Íslandi.

„Hlutverk mitt var að halda áfram rekstrinum hér og gera fyrirtækið að hluta af CCEP-heiminum,“ segir Carlos. Hann segir að Árni Stefáns-son, forveri sinn á forstjórastóli, hafi staðið sig gríðarlega vel við að sigla fyrirtækinu í gegnum bankahrunið og koma starfseminni á skrið eftir hrunið. „Hann tók fyrirtækið upp úr krisunni og var nógu hugrakkur til þess að gera það sem þurfti að gera til þess að fyrirtækið myndi starfa áfram og halda áfram að framleiða vörur þangað til aðrir komu og keyptu fyrirtækið,“ segir Carlos en vekur líka athygli á því hversu djarft það hafi verið hjá erlendum hluthöfum að koma hingað til lands árið 2011, þegar hér voru fjármagnshöft og slæmar aðstæður í efnahagslífinu.

160 ára viðskiptasaga

Carlos segir að áhuga Cobega-fjölskyldunnar á fjárfestingunni í Vífilfelli megi rekja langt aftur í tímann. Allt til ársins 1853 þegar fyrirtækið fór að flytja þorsk inn til Spánar frá Íslandi. Carlos segir að síðustu 30 árin hafi Mario Rotlant Sola, fyrrverandi stjórnarformaður Cobega,



Tæplega 60 prósent tekna koma af sölu gosdrykkja

Hann tók fyrirtækið upp úr krisunni og var nógu hugrakkur til þess að gera það sem þurfti að gera til þess að fyrirtækið myndi starfa áfram og halda áfram að framleiða vörur þangað til aðrir komu og keyptu fyrirtækið.

Carlos Cruz, forstjóri Vífilfells

komið fimm til sex sinnum til Íslands á ári. Ýmist til þess að sinna viðskiptum eða í frístundum. Carlos segir að hann eigi vinekrur, framleiði rauðvín og eina tegundina kalli hann Selá eftir Selá á Íslandi. „Fólk veit þetta almennt ekki, en þetta eru mikil tilfinningatengsl.“

Carlos segist sjálfur vera farinn að taka ástföstri við landið. „Ég er búinn að fara á Snæfellsnesið, á Vestfirði, Akureyri, Húsavík og líka um Suður-

landið. Það er auðvelt að taka ástföstri við það. Maður tekur ekki sama ástföstri við önnur lönd. En náttúru-egurðin gerir þetta land einstakt og það er skemmtilegra að stunda viðskipti hér fyrir vikið.“

Megintekjusvið Vífilfells eru sjö og þar af er stærsta tekjusviðið gosdrykkir og kolsýrðir vatnsdrykkir; allt sem er selt með kolsýru. Það er um 57 prósent af sölnni. Næststærsta sviðið, sem er með um 27



Kvikmyndin Victoria, sem sýnd er á Stockfish Film Festival, var tekin upp í einni töku og hefur vakið mikla athygli um allan heim.

AÐEINS EITT SKOT, TVEIR TÍMAR OG FULLKOMINN SIGUR

Stockfish Film Festival kynnr mikla kvikmyndaveislu sem stendur yfir í Bíói Paradís þessa dagana. Fjölmargar athyglisverðar kvikmyndir eru sýndar auk þess sem boðið er upp á spennandi viðburði. Hátíðinni lýkur á sunnudag.

Sturla Brandth Grøvlen, kvikmyndatökustjóri myndarinnar Victoria, er gestur Stockfish Film Festival í ár í boði Félags Íslenskra kvikmyndatökustjóra. Kvikmyndin hefur verið kölluð „kvikmyndalegt afrek“, ekki síst fyrir þær sakir að hún er tekin upp í einu skoti enda hlaut Sturla Brandth Grøvlen hinn eftirsóttá Silfurbjörn í Berlín fyrir tókur myndarinnar.



Sturla Brandth Grøvlen er gestur Stockfish Film Festival og situr fyrir svörum.

Sturla er alls ekki ókunnugur íslenski kvikmyndagerð en hann er t.a.m. tilnefndur til Edduverðlauna í ár fyrir stjórn kvikmyndatöku í kvikmyndinni Hrútum. Hann hefur nú þegar fengið Camerimage-verðlaunin fyrir tókur á sömu mynd. Sturla kvikmyndaði einnig Hjartastein, væntanlega kvikmynd Guðmundar Arnars Guðmundssonar.

Q&A-sýningarnar verða á laugardag kl. 17.30 og á sunnudag kl. 15.30.

Nánari upplýsingar má finna á www.stockfishfestival.is

VIÐBURÐIR Á STOCKFISH 2016

BÍÓ ★ PARADÍS

Allir viðburðirnir fara fram í Bíói Paradís

VERK Í VINNSLU - Fimmtudaginn 25. febrúar kl. 13.30. Frítt inn og allir velkomnir.

